# Gjörðabók veganefndar 1908-1914

Aðfnr. 277


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.



Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.



**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR
277

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, hinn 10. dag febrúarmán. hafði veganefnd bæjarstjórnar Reykjavíkur fund í húsi Kristjáns Þorgrímssonar konsúls kl. 5 e. m. – Á fundinum voru allir veganefndarmenn mættir.

Á fundinum var gengið til kosninga á embættismönnum veganefndarinnar og fjell kosningin þannig:

Formaður var kosinn Klemenz landritari Jónsson
Varaformaður – – Knud Zimsen verkfræðingur
Skrifari – – Þórður Thoroddsen læknir.

Í tilefni af erindi hlutafjelagsins „Steinar“ um útmælingu á lóð, sem bæjarstjórnin hafði vísað til nefndarinnar á síðasta bæjarstjórnarfundi, ákvað nefndin að ganga í lóðina og skoða hana um hádegisbil næsta dag.

Þá ákvað nefndin að halda hjer eptir fasta fundi hvern mánudag næstan eptir bæjarstjórnarfund kl. 5 e. m. í stjórnarráðshúsinu. – Næsti fundur skal þó haldinn næstkomandi mánudag 17. þ. m. kl. 5 e. m.

Fleira ekki fyrirtekið. Fundi slitið.

Kl. Jónsson Þ. J. Thoroddsen K. Zimsen.
Kristján Þorgrímsson Bríet Bjarnhjeðinsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, hinn 17. febrúar, átti veganefndin fund með sjer á áður ákveðnum stað og stundu. – Allir nefndarmenn voru mættir svo og verkfræðingur bæjarins.

Fyrst var tekið fyrir erindi hlutafjelagsins „Reinar“ um að fá leigða lóð hjá bænum af stakkstæði því, er Gunnar kaupm. Gunnarsson hefur nú til leigu. – Veganefndin neitaði að leigja Reinar lóð þessa með meiri hluta atkvæða.

Útaf framkominni kæru frá próf. Þórhalli Bjarnarsyni um skemmdir á Laufásvegi undan hliði Jóns landsbókavarðar Jakobssonar, ákvað veganefndin að láta gera við þær skemmdir.

Beiðni kom fram frá Jóhannesi Jónssyni á Töflum um vegarspotta frá Smiðjustígsendanum heim að húsi hans. – Veganefndin sá sjer ekki fært að taka beiðni þessa til greina. –

Tilboð um stjettarsteina í Hverfisgötu kom fram frá þessum:
1. Hlutafjelaginu Högna
2. Birni Guðmundssyni í Austurkoti
3. Erlendi Zakaríassyni í Kópavogi
4. Þorkeli Guðmundssyni, Barónsstíg 16, og
5. Einari Jónssyni, Bergstaðastræti 34.

Samþykkt var að taka tilboði Erlendar Zakaríassonar um sölu á 200 steinum 10×14 fyrir 1 kr. 30 a. við keyrsluveg, en tilboði hlutfj. Högna um það sem á vantar af þeim steinum svo og um hina smærri steina. Að Högna frágengnum, var samþykkt að taka tilboði Björns Guðmundssonar um sölu á báðum hinum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

smærri steinum og stærri, en á vantar.–

Þá skipti veganefndin störfum með sjer þannig:

að Kristján Þorgrímsson tók að sjer eptirlit með þrifnaði í bænum og rennunum, svo og með vatnsbólunum.

að Bríet Bjarnhjeðinsdóttir tók að sjer eptirlit með þvottalaugunum og sundlauginni.

að Þórður Thoroddsen tók að sjer eptirlit með tjörnunum

að Knud Zimsen tók að sjer eptirlit með vegunum.

Formaður hefur aðalumsjón yfir öllu þessu.

Rætt var á fundinum um brunnlok við lokræsi svo og um sprenginguna undir gangstjett í Hverfisgötu, en því var hvorttveggja frestað til næsta fundar.–

Ákveðið var að gera við Hafnarfjarðarveginn svo fljótt sem unnt er, útaf framkomnu erindi frá sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu.–

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Kl. Jónsson  K. Zimsen.  Þ. Thoroddsen
Kristján Þorgrímsson  Bríet Bjarnhjeðinsd.
Sig. Thoroddsen.

Ár 1908, hinn 24. febrúar, hjelt vega-
nefndin fund á ákveðnum stað og stundu.
– Öll veganefndin var mætt, svo og verk-
fræðingur bæjarins.

Þessi mál voru tekin fyrir:

√1. Erindi frá Eiríki Eiríkssyni og Jónasi Bald-
vinssyni um lagningu austurhluta Ný-
lendugötu að Norðurstíg. – Öll veganefndin
var á því, að beiðni þessi gæti ekki orðið
tekin til greina að svo stöddu.

√2. Erindi frá Þórarni Jónssyni um, að
gjörður væri hinn fyrirhugaði Unnarstígur
heim að húsi hans. – Veganefndin sam-
þykkti í einu hljóði, að leggja til, við
bæjarstjórnina að stígur þessi heim
á móts við hús Þórarins gjörist lagður
nú á þessu ári og að leitað verði auka-
fjárveitingar til þess. – Verkfræðingi falið
að gjöra áætlun fyrir næsta bæjarstjórnarfund. –

3. Tilboð kom frá Steypufjelagi Reykjavíkur
um að leggja til brunnlok við lokræsi
þau, er bærinn þyrfti, fyrir sama verð og
bærinn fengi þau frá útlöndum. – Í tilefni
af þessu tilboði ákvað veganefndin að
fela bæjarverkfræðingnum að skrifa verk-
smiðju þeirri, er brunnlokin hafa hingað til
verið fengin frá, með fyrstu ferð og spyrj-
ast fyrir um, fyrir hvaða verð hún vildi
nú láta brunnlok. – Verður því engin
ákvörðun tekin um þetta fyr en svar fæst. –

4. Tilboð komu fram um gjörningu undir
gangstjett við Hverfisgötu frá H. Dani-
elssyni fyrir 4 kr. 50 a. fer. metrið, og frá
Magnúsi Vigfússyni o. fl. fyrir 7 kr. fer. metrið. –
Veganefndin samþykkti, að svo framarlega

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem Magnús Vigfússon og þeir fjelagar vildu sprengja fyrir sama verð og S. Daníelsson, skyldi skipta verkinu milli þeirra. Að öðrum kosti skyldi taka tilboði S. Daníelssonar.–

5. Samþykkt var að fara þess á leit við bæjarstjórnina, að hún veitti nú þegar fje til þess að láta gjöra handrið úr járni við brúna yfir lækinn við Hverfisgötu.

6. Samþykkt var að fá tilboð í steinflísar í gangstjettina við Hverfisgötu, 1000 að tölu, bæði 2½ þuml. þykkar (með járnneti), eða 4 þuml. þykkar, 1 al. á hvern kant.–

7. Samþykkt að banna allan þvott á mottum og pokum í laugunum.–

Fundi slitið.

Kl. Jónsson

Þ. J. Thoroddsen

Bríet Bjarnhjeðinsdóttir

Kristján Þorgrímsson

Ramsey.

Sighvatsdóttir [?] Sigurðsson.

Ár 1908 hinn 16. marts, hjelt veganefndin fund á venjulegum stað og tíma. Öll veganefndin var mætt svo og verkfræðingur bæjarins.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Beiðni kom frá Sudjóni Þórarinssyni járnsmið um nýjan veg heim að húsi hans, afrandalt af Fischersundi.– Samþykkt var að ganga á staðinn. (Útkljáð, neitað)

2. Erindi frá Guðmundi Egilssyni trjesmið um holræsi í Kaðalstíg.– Bæjarverkfræðingnum var falið að gjöra áætlun um kostnaðinn.

3. Erindi frá Páli Erlingssyni sundkennara

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um sundkenslu á komandi sumri. - Samþykt var að ráða hann til kenslu í 4 mánuði: maí, júní og ½ júlí svo og september og ½ október, hvern virkan dag frá 12-8 e. m. gegn 4 kr. 50 a. kaupi á dag, og skal hann kenna piltum, er þess óska, úr öllum opinberum skólum í bænum á þessum tíma endurgjaldslaust frá þeirra hálfu. Fyrir kenslu eptir 8 í kvöldin og á sunnudögum er honum frjálst að kenna gegn endurgjaldi frá hlutaðeigendum og fær hann þá borgun sjálfur. - Í sambandi við þetta var ákveðið að verja 150 kr. til ~~kvenna~~ sundkenslu á stúlkum úr skólunum, og skal sú kensla fram fara fyrir kl. 12 á hádegi hvern virkan dag, eigi skemur en 2 tíma. Var frú Bríeti Bjarnhjeðinsdóttur falið að semja við ungfrú Ingibjörgu Guðbrandsdóttur um kenslu þessa. -

4. Tilboð höfðu komið fram um lokræsapípur frá Rögnvaldi Jónssyni pípugjörðarmanni, Helga Magnússyni & Co og frá Stavanger Cementvarefabrik. - Samþykt var í einu hljóði að taka tilboði Helga Magnússonar & Co. -
5. Samþykt var að breyta tilboðum á 4" steinflísum í gangstjettina við Hverfisgötu, og samþykt var á síðasta fundi í 4" steinflísar.
6. Bæjarverkfræðingnum var heimilað að kaupa nivellerings-instrument handa honum.

Fleira ekki fyrir tekið; fundi slitið.

Kl. Jónsson  Kristján Þorgrímsson
K. Zimsen.  Sig. Thoroddsen  [illegible]
Bríet Bjarnhjeðinsdóttir

Ár 1908 hinn 6. apríl hjelt veganefndin fund með sjer.

Voru þessi mál tekin fyrir:

1. Beiðni frá búendum í Sandagerði um viðgerð á vegi var vísað til bæjarverkfræðings og honum falið að gjöra nauðsynlegar umbætur á veginum.

2. Beiðni frá búendum á Grímsstaðaholti um veg frá Reykjavík yfir melana suður þangað. — Veganefndin var einhuga á því að sinna ekki máli þessu að svo stöddu, en ákvað að taka beiðnina til íhugunar á næsta hausti áður en áætlun verður gjörð um vegagjörðir á næsta ári.

3. Erindi frá Þorbirni Finnssyni í Ártúni þar sem hann mælist til að bæjarstjórnin láti vátryggja gegn eldsvoða húsin í Ártúni svo og að hún láti girða mýrarblett einn, sem liggur í norður frá Ártúni ofan að veginum. — Veganefndin ákvað að leggja til að neitað sje girðingu um mýrarblettinn, en, að því er vátrygginguna snertir, samþykkti nefndin, að ákveða ekkert um hana að svo stöddu, en vildi leita sjer vitneskju um, að hve miklu leyti bærinn væri eigandi að húsum í Ártúni.

4. Þar sem veganefndin áleit, að fje það að upphæð 7000 kr., sem veitt hefur verið til ofaníburðar og viðgjörðar á vegum á þessu ári, mundi verða í reyndinni of lítt til þessa, samþykkti nefndin með meiri hluta atkvæða að fara þess á leit við bæjarstjórnina, að hún gefi veganefndinni leyfi til að verja um 1200 kr. af þessu fje til þess

© Borgarskjálasafn Reykjavíkur

að flóðleggja gangstjettina við Hverfisgötu frá Læk uppi að Smiðjustíg.
Í sambandi við þetta var ákveðið að taka tilboði Ráðunaut Þórarinns um sölu á flóðum í gangstjett þessa.
Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Kr. Jónsson Kristján Þorgrímsson [illegible]
Kl. Jónsson. Sighv. Bjarnason

Ár 1908 hinn 7. maí hjelt veganefndin fund með sjer.

1. Bæjarverkfræðingurinn skýrði frá, að kaupa þyrfti lóð af Þorsteini Sveinssyni og Árna Árnasyni undir framlenginguna Mýrargötu 1544 ferálnir af Þorsteini og 215 ferálnir af Árna. Samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að byggingarnefndin meti þessar lóðir.

2. Bæjarverkfræðingur lagði fram áætlun um holræsi í Frakkastíg frá Njálsgötu að Lindargötu 470 álnir á 4 Kr., alls Kr. 1880. ~~Kr~~. Lögun ~~af ...~~ á veginum og breikkun ~~og~~ úr 6 áln í 8 álnir áætlar hann Kr. 1120. Lóðareigendur hafa heitið 500 Kr. tillagi til holræsisins.

Samþykkt að leggja til að veittar verði Kr. 1100 til þess að gjöra nefnt holræsi og sjá það lagt umleið og vatnspípur verða lagðar á komanda hausti.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Samþykkt að kaupa brunnlok til holræsanna hjá Járnsteypu Reykjavíkur fyrir um 40 krónur.
4. Samþykkt að fresta framkvæmd á holræsi í Vesturgötu og Stýrimannastíg af því að Einar Árnason o. fl. neita að leggja tillag til holræsisins.

Fundi slitið

Kl. Jónsson Kristján Bergsson(?) [illegible]
Bríet Bjarnhéðinsdóttir

Ár 1908 hinn 18. maí hjelt veganefndin fund með sjer.
1. Bjarni Matthíasson og Vilhjálmur Ingvarsson fara fram á, að þeim verði heimilaður 10 álna breiður gangur meðfram lóðum þeirra við fyrirhugað Garðastræti. Leggur veganefndin til að bæjarstjórnin ~~[illegible]~~ taki þessa rænu af erfðafestueigendum undir þenna veg, en beiðendur kosti veginn sjálfir.
2. Th. Krabbe fer fram á að holræsi verði gjört í Tjarnargötu frá húsi hans. Veganefndin gat ekki samþykkt þessa beiðni.
3. Samþykkt að fela bæjarverkfræðingnum að setja saman verkfæri það, er bærinn hefir keypt til að hreinsa með Tjörnina, og gjöra tilraun með það, til þess að hægt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sje að gjöra áætlun um kostnað við hreinsun Tjarnarinnar.

Fundi slitið

Kl. Jónsson Kristján Þorgrímsson

Sigh. Thoroddsen.

K. Zimsen.

Ár 1908 hinn 26. maí hjelt veganefndin fund með sjer.

Voru þessi mál tekin fyrir:

1. Erindi frá Hallgr. Jónssyni um sölu á Stekkjarholtslandi.

2. Erindi frá Guðm. Jakobssyni o. fl. um grjóttökurjett í Eskihlíð.

3. Leikvallamálið.

Var ákveðið að ganga á staðina næsta laugardag kl. 5 síðdegis.

Fundi slitið

Kl. Jónsson

K. Zimsen.

Bríet Bjarnhjeðinsdóttir

Kristján Þorgrímsson

Ár 1908, hinn 1. júní hjelt veganefndin fund með sjer.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Erindi Hallgríms Jónssonar kennara um sölu á erfðafestulandinu Stekkjarholti. Veganefndin vill leggja til að bæjarstjórnin afsali sjer forkaupsrjetti að þessu landi.

2. Erindi Guðjóns Gamalíelssonar o. fl. um rjett til grjóttöku í norðanverðri Eskihlíð alt að 10 dagsláttar svæði til 10 ára. Veganefndin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var ~~ótt~~ á því að veita mönnum þessum um þannig lagaða leigu. Aptur á móti vill veganefndin leggja til, að mönnum þessum sje gefinn kostur á að fá til leigu 2 dagsláttur af grjótlandi í norðanverðri Öskjuhlíð [?] þar sem bæjarverkfræðingurinn nánar ákveður, gegn 50 kr. eptirgjaldi fyrir hverja dagsláttu á ári. Leigutíminn sje bundinn við ekki lengri tíma en 7 ár. – Í sambandi við þetta vill veganefndin leggja til, að allar þær útmælingar, er steinhöggvari Nekou [?] hefur gjört á grjótlöndum í bæjarlandinu, falli úr gildi 1. janúar næstkomandi. –

3. Að því er leikvellina snertir var ákveðið að fela bæjarverkfræðingnum á hendur að gjöra áætlanir um, hvað kosta muni að gjöra Þorgrímsholtsblett og blett Sigurðar Þórðarsonar að hæfilegum leikvöllum.

4. Andrjesi [?] Þórðarsyni var með meiri hluta atkvæða falið að hafa á hendi ræsting laugarhússins með far [?] og vanhúsum frá 1. júní og svo lengi sem um semur fyrir 26 kr. á mánuði hverjum.

5. Veganefndin samþykkti að skora á bæjarstjórnina að láta semja [?] samþykkt um afnot og hreinsun laugunnar [?] salerna [?] í bænum.

Fundi slitið.

Kl. Jónsson
Kristján Jónsson  Bríet Bjarnhjeðinsdóttir  Þ. J. Thoroddsen
Ath. Thomsen [?]  Sigh. Thoroddsen [?]

Ár 1908, hinn 16. júní, hjelt veganefndin fund. Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Erindi frá Jóni Ólafssyni á Bústöðum um girðingarefni til varnar á rúmu 500 faðma löngu svæði, af Bústaðalandi.- Veganefndin var öll á því að veita þessari beiðni, en annars var formanni falið á hendur að grennslast eptir með hvaða kjörum Jón vildi gefa eptir ábúð á Bústöðum til handa bænum, þegar í næstu fardögum.
2. Að gefnu tilefni var ákveðið að greiða Guðrúnu Jónsdóttur 30 kr. um mánuðinn fyrir ræsting við laugarnar til 1. okt.- Ákveðið var að slá starfinu upp frá þeim tíma.
3. Bæjarverkfræðingurinn lagði fram áætlun yfir kostnað við lögun á Þorgrímsholtsbletti og Skólavörðubletti og girðing um þá til leikvallanotkunar. Eptir áætluninni er kostnaður við lögun á Þorgrímsholtsbletti um 1700 kr., en á Skólavörðubletti 1400 kr.-
4. Þar sem á þessu ári ekki er hægt að leggja holræsi í Bergstaðastræti og gjöra við það nema með lítilfjörlegum ofaníburði vegna vantandi tillaga frá strætisbúum, var ákveðið að verja af því fje, sem þar átti að brúka, til að breikka brúna yfir lækinn við Hverfisgötu, svo að hún verði jafnbreið götunni. Áætlun um það er að það muni kosta 800-1000 kr.-
5. Samþykkt var að heimila verkfræðing að láta útbúa vatnsvagn til þess að vatna moldryki í miðbænum. Kostnað við það skal taka af því sem ætlað er til þrifnaðar.

Allir á fundi. Fundi slitið.

Kl. Jónsson [illegible] K. Zimsen.
Kristján Þorgrímsson Bríet Bjarnhjeðinsdóttir
[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, 30. júní, hjelt veganefndin fund. Allir á fundi nema Tryggvi Gunnarsson. Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Ákveðið var að hafa sundlaugina opna frá 1. júlí til 15. ágúst, kl. 7-12 um formiðdaginn fyrir kvenfólk, þar af frá 7-9 fyrir ungmennafjelagið „Iðunn" eftir beiðni, en frá 9-12 fyrir annað kvenfólk. Fyrir karlmenn skal laugin vera til afnota frá kl. 12-10 um eftirmiðdaginn. Fyrir eftirlit frá 9-12 var ákveðið að borga allt að 50 kr. yfir allan tímann en fyrir eftirlit frá 12-10 allt að 100 kr.-
2. Samþykkt var að fela bæjarverkfræðingnum að láta ~~gera~~ breikka forirnar við Þvottalaugarnar, gjöra við hurðir, stjettar og rennur að svo miklu leyti sem þurfa þykir.
3. Erindi frá Árna Árnasyni til bæjarstjórnarinnar um kaup á lóð þeirra Ólafs Bjarnasonar nr. 26 við Lindargötu, þar sem þeim sje meinað að byggja á lóðinni vegna fyrirhugaðrar lagningar á Lindargötu. - Samþykkt var með meiri hluta atkvæða að neita að kaupa lóð þessa.-
4. Samþykkt var að láta Sigurð Jónsson steinsmið greiða fyrir hverja teningsalin af grjóti ~~[illegible]~~, er hann ~~tekur~~ tekur í Öskjuhlíð, 5 aura.

Fleira ekki fyrirtekið, fundi slitið.

Kl. Jónsson
K. Zimsen
Bríet Bjarnhjeðinsd.
[illegible]
Sig. Thoroddsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, 6. júlí átti að halda veganefndarfund. en þar eð engir mættu nema formaður nefndarinnar og verkfræðingur bæjarins; varð fundurinn ekki lögmætur og því ekki hægt að taka neina ákvörðun um þau mál, er fyrir lágu.—

Kl. Jónsson

Sig. Thoroddsen

—.

Ár 1908, 11 júlí var haldinn fundur af veganefndinni. Bríet Bjarnhjeðinsdóttir og Kristján Þorgrímsson voru fjarverandi.

Þetta var tekið fyrir:

1. Erindi frá Pjetri Hjaltested um rjett land til erfðafestu. Engin ákvörðun var tekin, en málinu frestað til umhugsunar.—
2. Ákveðið var að halda áfram með breikkun tjarnarinnar og verja til þess allt að 200 kr. enn þá.—

Fleira ekki fyrirtekið. Fundi slitið.—

Kl. Jónsson

K. Zimsen.

Sig. Thoroddsen.

Þ. Thoroddsen

Ár 1908, 10. ágúst átti að halda fund, en engin mættu nema varaformaður nefndarinnar og verkfræðingur bæjarins. Var því ekki hægt að gjöra neinar ályktanir.

K. Zimsen.

Ár 1908, 18. ágúst var aptur boðað til fundar, en þá mættu aðeins verkfræðingur bæjarins og Þórður Thoroddsen auk varaformanns og var því ekki hægt að halda fundinn.

K. Zimsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, hinn 20. ágúst átti veganefndin fund með sjer. Formaður og frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttir var ekki mætt.

Þetta var tekið fyrir á fundinum:

1. Veganefndin leggur til að forkaupsrjetti að Frostastaðabletti, sem Sigurður Guðmundsson ætlar að selja Garðari kaupm. Gíslasyni fyrir 37.250 kr. sje hafnað.
2. Veganefndin leggur til að Ungmennafjelagi Reykjavíkur sje veitt leyfi til að gjöra skíðabraut í brekkunni gagnvart Öskjuhlíðinni að norðanverðu við Hafnarfjarðarveginn og breyta jarðveginum þar svo að hann verði hæfilegur til skíðaferðar samkv. uppdrætti er erindi fjelagsins fylgir.
3. Veganefndin leggur til, að Bergi sútara Einarssyni sje leigður lóðarblettur sá, sem liggur umhverfis Móakotslind í Skuggahverfi eptir beiðni hans. Skal hann gjalda í leigu 40 kr. á ári eptir lóðina frá því hann tekur lóðina á leigu og um óákveðinn tíma, en skyldur skal hann að víkja burt af lóðinni þegar bæjarstjórnin krefst þess, þó með ½ árs uppsagnarfresti.
4. Birni Símonarsyni var leyft að endurbæta og lengja gangstjett fyrir framan húseignina í Vallarstræti 4.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

K. Zimsen. Kristján Þorgrímsson [illegible]

Ár 1908, hinn 7. sept. átti veganefndin fund með sjer.

Þetta var tekið fyrir á fundinum:

1. Veganefndin leggur til að forkaupsrjettur að erfðafestulandi því, sem fylgir Sauðagerði, er Tóti Einarsson selur Karla Jónssyni fyrir 5000 kr., sje ekki notaður.-
2. Veganefndin vill leggja til við bæjarstjórnina, að ~~bæð~~ fengin sje til leigu hjá Akureyrarbæ farar-vjel í 6 mánuði næsta ár, frá 1. apríl - 1. oktober, fyrir alls 1600 kr. auk flutnings og reksturs kostnaðar, til þess að knúsa upp grjótinu.
3. Bæjarverkfræðingnum var falið að gjöra hallamæling og áætlun um hallann í Bergstaðastræti og Laufásveg.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Kl. Jónsson  Bríet Bjarnhjeðinsd.  Þ. J. Thoroddsen
Kristján Þorgrímsson  Á. Zimsen.
Sig. Thoroddsen.

---

Ár 1908, hinn 22. septbr., átti veganefndin fund.

Þetta var tekið fyrir á fundinum.

1. Ráðið að setja upp 7 nýjar luktir víðsvegar um bæinn, þar sem þörfin er mest.
2. Veganefndin leyfði J. P. T. Bryde að setja rennu með fram skúrum hans í vestanverðu Veltusundi.-

Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið.

Kl. Jónsson  Sig. Thoroddsen.  Þ. J. Thoroddsen
Á. Zimsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908 hinn 5. október átti veganefndin fund.

Þetta var tekið fyrir á fundinum:

1) Samþykkt að láta setja 2 lux-lampa við barnaskólann og verja til þess 400 krónum.

× 2) Lagt til að Hjálpræðishernum sje neitað um 25000 ferálna land til erfðafestu fyrir sunnan tjörnina

3) Beiðni frá Jóni Guðmundssyni á Langalandi um stakkun á landi frestað og ákveðið að ganga á staðinn á morgun kl 4½.

4) Ákveðið að auglýsa eptir manni til að hreinsa annað þvottahúsið í Laugunum og skolpræsnar. Skyldi borgun fyrir það starf vera 20 krónur á mánuði.

5) Lagðir fram uppdrættir af Bergstaðastræti og Laufásvegi með áteiknuðum tillögum bæjarverkfræðings um lögun þeirra gatna

Fundi slitið

Kl. Jónsson  Briem  Bjarnhéðinsson  K. Zimsen.
Kristján Þorgrímsson  Sigh. Thorvaldsen.

okt

Ár 1908, hinn 26. september, átti veganefndin fund.

Þetta var tekið fyrir á fundinum:

1. Var rætt ítarlega um vegaáætlun fyrir næsta ár, en engin ákvörðun tekin að svo stöddu.
2. Erindi frá Sigfúsi Sveinbjarnarsyni um skolpræsi frá húsi hans var vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Biskup Þórhalli Bjarnarsyni leyft að taka nokkuð af mold úr tröðum þeim, er liggja milli lóðar hans og Fjelagsgarðs, undir eftirliti veganefndar.-

4. Veganefndin ákvað að mæla með því, að leyfa Jóni Sveinbjörnssyni að umgirða og innlykja lóðarnef, er liggur milli gamla lækjarfarvegarins og lóðarinnar þar sem hann nú semur, gegn því að erfðafestugjald hans af Laugalandseigninni hækki frá næsta nýjári um 5 kr. á ári.

5. Hallgeir Arnbjörnsson var ráðinn eftir umsókn til að annast um sótthreinsun á Pottahúsinu nýja [við Laugaveg og Skólavörðustíg] [illegible] og til að annast lektina frá 1. nóv. til 14. maí næsta ár gegn 20 kr. endurgjaldi á mánuði.

6. Erindi frá Sveini Símonarsyni í Breiðholti var frestað.-

Kl. Jónsson  Bríet Bjarnhjeðinsd.
Þ. [illegible]
[illegible]

Ár 1908 hinn 2. nóvember var haldinn fundur í veganefndinni og þetta tekið fyrir.

1) Rædd vegaáætlun fyrir 1909 og samþykkt:

1. Lokræsi í Bergstaðastræti og lögun á því frá Skólavörðustíg suðurepti Kr. 3500.00

2. Lokræsi í Spítalastíg og lögun á honum Kr. 1500.00

3. Gangstjett á Laugaveg frá Vitastíg að Barónsstíg og lögun vegarins c 220 álnir Kr. 1300.00

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Lokræsi í Vesturgötu frá Brunnstíg að Bræðraborgarstíg og gangstjett frá Stýrimannastíg að Bræðraborgarstíg Kr. 1500.00
5. Steinlegging ~~frá~~ í Pósthússtræti frá Hafnarbryggjunni að Austurstræti c 40 ferfaðmar ~~og~~ Kr. 2700.00
6. Mölsteypa (Makadamisering) í Austurstræti ~~að~~ eptir því endilöngu Kr. 4500.00
7. Gangstjett ~~í Aust~~ með steypstein hellum í Austurstræti frá Lækjargötu að Pósthússtræti Kr. 1500.00
8. Lokræsi í Austurstræti frá Læk að Veltusundi Kr. 1700.00.
9. Lögun á Veltusundi og lokræsi í því Kr. 800.00.
10. Breikkun á brúnni yfir Lækinn við Hverfisgötu Kr. 1000.00.
11. Lögun á Smiðjustíg og lokræsi í efsta partinum Kr. 500.00.
12. Framlenging á Þingholtsstræti frá Skálholtsstíg að Laufásvegi Kr. 2800.00, þaraf til lóðakaupa frá Sturlu Jónssyni Kr. 1600.00
13. Lögun á Lækjartorgi Kr. 1900.00
14. Lögun á vegi með sjónum fyrir vestan Norðurstíg Kr. 300.00
15. Til viðhalds gatna og ofaníburðar Kr. 4500.00

Veganefndin leggur til að á fjárhagsáætlun 1909 verði veittar 30 þúsund krónur til framantaldra ~~þ~~ verka og að þessutan verði tekið 10 þúsund

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lán til þess að kaupa lóðir undir Garðastræti og leggja það frá Vesturgötu að Túngötu.

Ennfremur verði leggur nefndin til að veittar verða 4000 krónur til þrifnaðar og snjómokstur og 2000 krónur til vatnsbóla; til ljóskera ~~Ð~~ 3000 krónur.

Loks leggur nefndin til að veitt verði til áhalda 9000 krónur, þaraf 8000 krónur til að kaupa gufu- eða mótor-trumlu og 600 krónur til að kaupa vatnsvagn.

Nefndin minnir ennfremur á að hafa þarf í huga þvottalaugarnar og sundlaugina, þegar áætluð eru óviss útgjöld.

Allir á fundi nema Kr. Þorgrímsson.

Fundi slitið.

Kl. Jónsson

Bríet Bjarnhéðinsd. K. Zimsen.

Þ. J. [illegible] Sigthoroddsen.

Ár 1908 hinn 16. dag nóvembermánaðar var haldinn fundur í veganefndinni og þetta tekið fyrir:

1/. Beiðni frá Eiríki Ingimundarsyni og Páli Jónssyni um að fá útmælt kálgarðsstæði við Einholt.
Veganefndarmönnum Þórði Thoroddsen og Kristjáni Þorgrímssyni falið að athuga málið til næsta bæjarstjórnarfundar.—

720 Aal 2/ Stjórnarráðið býður til þess að leggja ókeypis lóð til breikkunar Bankastrætis gegn því að steypt steinngirðing með járngrindum ofaná

sje gert meðfram veginum. Veganefndin leggur til að bæjarstjórn ~~samþykki~~ gangi að þessu tilboði. – Áætlað er að girðingin kosti ~~um~~ alt að 1500 kr. –

3) – Veganefndin vill gera eftirfylgjandi breytingar á fjárhagsáætluninni fyrir 1909, úr því ekki er útlit fyrir að allar kröfur veganefndarinnar (sbr. síðasta fund) fáist:

a). að 6. liður við 11. lið fjárhagsáætlunarinnar falli burt, – og í stað þess komi:
Holræsi í Austurstræti frá Lækk að Vellusundi . . 1700 kr.
Lögum á Vellusundi og holræsi í það – – – 800 –

b). ~~og~~ að tillagan um endurveiting á fje til holræsis og lögunar Bergstaðastrætis = – – – – – – 3500 –
verði tekin upp á áætlunina. –

c) að 8. liðurinn (við 11. lið): til viðhalds gatna og ofaníburðar verði 5200. –

11. gjaldaliður fjárhagsáætlunarinnar verði þá 19000 kr. í stað 15000 kr. –

Allir á fundi ~~nema Kn. Zimsen~~. –

Fundi slitið. –

Kl. Jónsson Bríet Bjarnhéðinsdóttir
K. Zimsen. Kristján Þorgrímsson Sighvatsdóttir

Ár 1908 hinn 23. dag nóvembermánaðar var haldinn fundur í veganefndinni og þetta tekið fyrir:

1). Lagt fram erindi frá Sveini Jónssyni á Vatnsenda um landamerki milli Vatnsenda og Árbæjar landa. Veganefndarmönnunum Þórði Thoroddsen og Kristjáni Þorgrímssyni falið að fara á staðinn og segja álit sitt um málið. –

2). Lögð fram beiðni frá ýmsum búendum við

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laufásveg um lóðum á þeim vegi. – Veganefndin sá sjer ekki fært að sinna þessari beiðni að svo stöddu, þar eð hún er þegar búin að ráðstafa vegafjenu fyrir næsta ár. –

3/ Lögð fram beiðni frá búendum á Bráðræðisholti um framhald Lágholtsvegar. Veganefndin sá sjer af fyrnefndum ástæðum eigi fært að sinna beiðninni. –

Á fund. mætti ekki þeirra Thoroddsen og Knud Zimsen

fundi slitið

Kl. Jónsson Kristján Þorgrímsson

Sighv. Árnason. – Bríet Bjarnhéðinsd.

---

Ár 1909, hinn 18. janúar, var veganefndarfundur settur og haldinn á skrifstofu borgarstjóra. – Sú breyting var orðin á veganefnd, að borgarstjóri hafði samkv. hinni nýju samþykkt bæjarmálefna tekið að sjer formennsku nefndarinnar, en bæjarfulltrúi Kristján Þorgrímsson var genginn úr nefndinni. – Voru allir nefndarmenn mættir á fundinum nema Klemenz Jónsson.

Á fundinum var samþykkt að fela bæjarverkfræðingnum að auglýsa útboð á brústeinum og skjattarsteinum, er nota þarf þetta ár til veganna. Samþykkt var og að gjöra útboð um c. 200 leirpípur 9 þuml. á vídd. –

Fleira var ekki fyrirtekið; fundi slitið.

Páll Einarsson [illegible]

Bríet Bjarnhéðinsd. K. Zimsen

Sighv. Árnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, hinn 1. febrúar, var veganefndar fundur settur og haldinn á skrifstofu borgarstjóra.

Á fundinum voru framlögð tilboð þau, er bæjarverkfræðing höfðu borizt, í brústeina og stjettarsteina, þá er rætt var um á síðasta fundi.

Ákveðið var að taka tilboði Magnúsar Egilssonar steinsmiðs í 2500 brúarsteina fyrir 20 au. stykkið við veg. Að því er hina vantandi brústeina snertir var borgarstjóra falið, að leita samninga við hina aðra er tilboð hafa gjört um að láta steinana fyrir sama verð og Magnús Egilsson býður, og yfir höfuð var borgarstjóra gefið vald til að ráða fram úr því máli fyrir hönd veganefndar.–

Að því er stjettarsteina snertir var ákveðið að taka tilboði Magnúsar Egilssonar um 100 álnir á 1.25 og tilboði V. Tómassens um 200 álnir á 1.25. Að öðru leyti var borgarstjóra falið að útvega þá stjettarsteina er þarf fyrir lítið verð.

Að gefnu tilefni var bæjarverkfræðingnum falið að hafa nákvæmt eptirlit með því að lækjarósinn væri hreinsaður svo opt og vel sem þarf. Sömuleiðis að gjöra tillögu um, á hvern hátt hentugast væri að breikka lækjarósinn svo og gjöra við hann, að ekki þyrfti að óttast að vatnið er rennur um lækinn stöðvaðist í honum.

Fleira ekki fyrirtekið. Fundi slitið.

Páll Einarsson

Kl. Jónsson  A. Tulinius  Sig. Thoroddsen  Sigthoroddsen

Ár 1909, hinn 15. dag marzmán., var veganefndarfundur haldinn á skrifstofu borgarstjóra kl. 5 e.m.

Allir á fundi nema Bríet Bjarnhjeðinsdóttir

Þetta var tekið fyrir á fundinum.

1. Lagt fram erindi frá Árna Jóhannssyni og Högna Finnssyni um lagning á skolpræsum í Grundarstíg. — Nefndin sjer ekki fært að sinna þessu erindi að svo komnu vegna ~~fjár~~ þess að fje er ekki veitt til þess í áætluninni, en verkfræðingi falið að skoða, hvort eigi væri hægt að laga afrensli á þessum stað með litlum kostnaði af viðhaldsfje vega.

2. Erindi frá verzlunum H. P. Duus og J. P. T. Bryde um sandtöku við bryggjur þeirra. Veganefndin vísar til ályktunar bæjarstjórnar frá 18. apr. 1907 um sandtöku, en samkv. þeirri ályktun er sandtaka ekki leyfð almenningi nema með sjerstöku leyfi formanns veganefndar í hvert skipti, og gengur nefndin út frá því, að formaður leyfi ekki sandtöku nálægt bryggju hlutaðeiganda nema nauðsyn krefji. —

3. Tilboð um holræsispípur komu frá pípuverksmiðjunni og frá Helga Magnússyni & Co. Tilboði Helga var tekið: 220 ál. 9" pípur fyrir samtals 229 kr., var það tilboð 21 kr. lægra en tilboð pípuverksmiðjunnar. —

4. Tekið tilboði ing. Kr. Zimsen um vatnsvagn, er taki 1000 Liter og sje að gerð samkv. teikningu er lögð var fram á fundinum. Vagninn á að kosta 600 kr. skilað frítt á bryggju í Reykjavík. —

Fundi slitið.

K. Zimsen.

Páll Einarsson

Kn. Zimsen Sigtr. [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909 hinn 29. marzmánaðar hjelt veganefndin fund með sjer.

Allir á fundi nema Þórður Thoroddsen.

Þetta var fyrir tekið:

1. Bæjarverkfræðing falið að láta nú þegar hreinsa allar rennur í bænum og að sjá um að ~~þeim~~ verði framvegis haldið hreinum.

2. Bæjarverkfræðing falið að gjöra áætlun um, hvað kosta muni að leggja æð frá laugauppsprettunum að sundlauginni.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Kl. Jónsson   Bríet Bjarnhjeðinsdóttir   Knud Zimsen.

Þ. J. Thoroddsen.

Ár 1909 þ. 3. maí hjelt veganefndin fund með sjer. Fjærverandi ~~voru~~ ~~Þ. J. Thoroddsen~~ og Knud Zimsen.

Í veganefndin skipti með sjer störfum þannig:

<u>að</u> Klemens Jónsson tók að sjer eftirlit með þrifnaði í bænum og rennunum, svo og með vatnsbólunum,

en <u>að</u> öðru leyti gegni hver nefndarmaður störfum þeim, er hann hefur tekið að sjer á fundi 17. febr. f. á.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þetta var tekið fyrir á fundinum ennfremur:

2. Lagði bæjarverkfræðingur fram „Kostnaðaráætlun við breytingu á heitu og köldu vatni í sundlauginni". Var áætlunin 4500 kr. að upphæð. – Veganefndin sá sér ekki fært að ráða bæjarstjórninni til að leggja út í þennan kostnað. Aptur á móti ákvað hún að láta setja möl í laugar skálina til þess að sía vatnið og gjöra aðrar smáumbætur svo að vatnið yrði sem hreinast.

3. Veganefndin fól oddvita að ráða sundkennarann með sömu kjörum og fyrra ár.

4. Samkvæmt erindi frá heilbrigðisfulltrúanum ákvað veganefnd að láta gjöra steinþraga við Skálholtskotstíginn svo sem heilbrigðissamþykktin mælir fyrir.

5. Erindi frá Guðna Sigurðssyni í Breiðholti um styrk til ofaníburðar á vagnveg sem hann hefur gjört frá Breiðholti niður á Kýlaveg var framlagt. Tillaga frá einum nefndarmanni um að veita Guðna 50 kr. styrk til þessa var felld með jöfnum atkvæðum.

6. Var frú Bríet Bjarnhéðinsdóttur falið að ráða ~~[illegible]~~ til að sjá um hreinsun við laugarnar svo og gæta lyklanna fyrir allt að 50 kr. um mán. ráðningartími 1 ár frá 14. maí næstkomandi. – Jafnframt var bæjarverkfræðing falið að láta gjöra hinar allra nauðsynlegustu aðgerðir við laugahúsin og kring um þau.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Páll Einarsson

Kl. Jónsson Bríet Bjarnhéðinsd. [illegible]

Sig. Thoroddsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909 þ. 7. júní átti samkvæmt fundarboði að halda fund í veganefndinni. Á fundinum voru að eins mættir formaður nefndarinnar, Klemens landritari Jónsson og verkfræðingur Knud Zimsen, auk bæjarverkfræðingsins. - Fór þá fram það, er hjer segir:

1° Erindi Sigurðar Jónssonar og Vilhjálms Árnasonar um að fá skolpræsi frá húsi þeirra No 13. við Lindargötu, var afhent bæjarverkfræðingnum til athugunar og umsagnar.

2° var lagt fram erindi frá Eiríki járnsmið Bjarnasyni dags. 4. f. m. um að fá skipt lóðum, þannig c. 4 álna breiða ræmu til gangstjetta fyrir sunnan verkstæði hans og port fyrir jafnstóra lóð sunnan af húsi hans. Veganefndin mælir með því að lóðarskipti þessi fari fram, ef hann þá jafnframt getur fengið eignarhald á spildu þeirri, er liggur fram með sunnanverðu Bárufjelagshúsinu og var oddvita falið að leita samninga um það. -

3. Var þess krafizt að bæjarverkfræðingurinn sétti frá flokksstjóra þann, er umsjón hefur haft með verkamönnunum þeim, sem eru að byggja upp stjórnarráðs-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gardinum, og jafnframt að fjölgað verði verkamönnum við verk þetta og því hraðað sem mest má. -

Fleira gjörðist ekki. Fundi slitið

Páll Einarsson

Kl. Jónsson Kn. Zimsen. Sighv. Bjarnason.

Ár 1909, hinn 28. júní, var veganefndarfundur haldinn á skrifstofu bæjarfógeta. Allir nefndarmenn voru mættir nema Bríet Bjarnhjeðinsdóttir.

Þetta var tekið fyrir á fundinum:

1. Útaf erindi Jakobs Árnasonar frá Austurholti um að fá leyfi til að leggja skolpræsi frá húsi hans vestur í skolpræsið frá Landakoti, lýsti veganefndin því yfir, að frá hennar hálfu sje ekkert því til fyrirstöðu.

2. 1. lið í erindi heilbrigðisnefndar frá 11. maí þ. á. svarar veganefndin á þann hátt, að samkv. samþykkt bæjarstjórnar, er það í verkahring heilbrigðisnefndar að fyrirskipa holræsalagningu frá húsum út í götuholræsi og telur því sjálfsagt að heilbrigðisnefndin framfylgi þessari fyrirskipun bæjarstjórnar, og felur bæjarverkfræðing að sjá um að verkið verði vel af hendi leyst þegar það kemur.

2. lið í erindi sömu nefndar svaraði ~~af~~ veganefndin svo, að hún fól verkfræðing bæjarins að láta leggja holræsi frá Landakotsspítala svo langt niður í fjöruna sem verkfræðingnum þykir þurfa. —

3. lið í erindi sömu nefndar svaraði veganefndin svo, að hún ákvað að láta setja kloakbrunn í Smiðjustíg nálægt samkomubrunninum þar, svo að búendur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í húsinu Lindargötu 1 B geti hellt skólpi í þann brunn.
3. Erindi frá Vilborgu Gunnarsdóttur vísað til bæjarverkfræðings til athugunar til næsta fundar.
4. Erindi heilbrigðis~~fram~~fulltrúans viðvíkjandi lækknum svarar nefndin svo, að hún felur verkfræðing og bæjarins að láta hreinsa lækinn sem tíðast og að öðru leyti gera þær smáumbætur á honum, sem nauðsynlegar kynnu að vera.
5. Borgarstjóra og veganefndarmanni Kn. Zimsen falið að rannsaka rjett bæjarins til gangstjettanna við Tjörnina meðfram lóðum Iðnaðarmannahússins, Báruhússins og Eiríks Bjarnasonar.
Allir á fundi nema Bríet Bjarnhjeðinsdóttir, og Þórður Thoroddsen fór af fundi, þegar 2. mál 1. liður var útrætt.

Fundi slitið.
Páll Einarsson
Sigf Thoroddsen. Kn Zimsen
A Hansen.

Ár 1909, hinn 12. júlí ~~[illegible] 1909~~, var veganefndarfundur settur og haldinn á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn voru mættir.
Þetta var tekið fyrir:
1. Erindi Vilborgar Gunnarsdóttur, sem á síðasta fundi var vísað til bæjarverkfræðingsins, sjer nefndin sjer ekki fært að sinna að svo stöddu, eftir upplýsingum þeim, sem bæjarverkfræðingur gaf, um staðhætti.
2. Í tilefni af bijefi Þórarins Arnórssonar var bæjarverkfræðing falið að athuga hina svonefndu Þórarinsstaðabrú og láta gjöra við hana smá-aðgjörðir, ef þurfa þykir.
3. Erindi frá Ingvari Sveinssyni, þar sem hann býður að bæta lóð ~~í liðbil við það sem hann hefir fengið~~ honum, Steinunnar, getur veganefnd ekki sinnt að svo stöddu, þar sem ekki er hjer fyrir hendi.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Útaf 4. lið í brjefi heilbrigðisnefndar til veganefndar, ákvað veganefndin að tiltaka að svo stöddu enga tæmingarstaði fyrir sorp aðra en sjóinn eins og verið hefur að undanförnu en skorað á heilbrigðisfulltrúa að sjá um, að sorpið sje látið svo neðarlega að út taki með hverju flóði.

5. Útaf af 5. lið í brjefi sömu nefndar fól veganefndin bæjarverkfræðing að sjá um að uppfyllingin í Tjörnina undir fríkirkjuveg fari reglulega fram.

6. Að því er stíflu þá snertir í lækinn upp við Tjörn, er heilbrigðisnefndin stingur uppá, getur veganefndin ekki verið nefndinni samdóma og sjer ekki ástæðu til leggja til að slík stífla sje sett.

7. Samþykkt var að leiða rennandi vatn inn á þvaghúsið við Templarasund.

Fleira ekki fyrirtekið. Fundi slitið.

Páll Einarsson
Bríet Bjarnhjedinsdóttir
Kr. Jónsson
[illegible]
Thoroddsen
K. Zimsen.

Ár 1909, hinn 3. ág. var veganefndarfundur haldinn á skrifstofu borgarstjóra, og var þetta tekið fyrir:
1. Samþykkt að setja 2 rennubrunna, annan í Tjarnargötu og hinn í Suðurgötu.
2. Þessir menn ráðnir til að kveikja á ljóskerum bæjarins næstkomandi vetur: Jóhann Jónsson, Jón Guðlaugsson og Kristinn Þorkelsson.

Allir á fundi nema Þórður Thoroddsen

Fundi slitið
Páll Einarsson
Sigh. Thoroddsen
Bríet Bjarnhéðinsdóttir
Kl. Jónsson
Ásgeir Kr. Zimsen

Ár 1909, 30. dag ágústmán. var veganefndarfundur haldinn á vanalegum stað og tíma.
1. Beiðni frá Kristínu Pjetursdóttur og Guðrúnu Lárusd. um veg að húsum þeirra á Melnum leggur nefndin til að sje synjað.
2. Nefndin leggur til að 300 kr. sje varið til að gera varnargarð við Laugarásinn (sbr. áætlun).

Fleira ekki tekið fyrir.

Allir á fundi nema Þórður Thoroddsen og Kn. Zimsen.

Fundi slitið
Kl. Jónsson
Páll Einarsson
Bríet Bjarnhéðinsdóttir
Sigh. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, hinn 17. dag septembermán., var veganefndarfundur haldinn.

Á fundinum mætti auk bæjarverkfræðingsins aðeins þeir landritari Klemenz Jónsson og læknir G. Björnsson, og var því fundur ekki lögmætur.

Kl. Jónsson   Sig. Thoroddsen.   G. Björnsson

Ár 1909, hinn 4. dag ~~sept~~ Októbermánaðar var veganefndarfundur haldinn á skrifstofu borgarstjóra.—

1. Viðvíkjandi uppgjöf Ögmundar Sig. Guðmundsonar á grjótlandi í Grenshálsi leggur veganefndin til, að sú uppgjöf sje tekin gild frá næsta nýjári, en hún sjer enga ástæðu til að gefa neitt eptir af afgjaldinu fyrir undanfarandi eða yfirstandandi ár.—

2. Beiðni kom fram frá búendum á Steinhólabrekku, Litlubrekku og Kvöldroðanum um styrk til brunngraptar. Veganefndin vill taka þetta mál til athugunar við næsta árs vegaáætlun og áður láta gera áætlun um kostnað við það að leggja vatnsveitupípur þangað suður eptir, og leita fyrir sjer hjá húseigendum, að hve miklu leyti þeir mundu vilja kosta á pípulagninguna.—

3. Lagt fram erindi frá Stjórnarráðinu um það að bænum takist að sjer viðhald norðurhelmings Laugarnesvegarins.— 1 veganefndarmaður var þessu meðmæltur, annar mótfallinn, þriðji greiddi eigi atkvæði.—

Á fundinum voru ekki mættir Knud Zimsen og Pjetur Thoroddsen.

Fundi slitið.—

Kl. Jónsson   Bríet Bjarnhjeðinsdóttir   Páll Einarsson

Sig. Thoroddsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909 þ. 25. okt. átti veganefndin fund með sjer.

1.

Var rætt um áætlun til vegagerða á næsta ári og leggur nefndin til að á næstu áætlun verði eptirgreindar upphæðir veittar til vega:

a, Til lögunar á Laufásvegi aðallega á kaflanum frá húsi Odds Gíslasonar að húsi frú Ingibjargar Jensdóttur og til lóðarkaupa undir veginn á þeim kafla. kr. 1700.00

b, Til holræsis í Vesturgötu milli Stýrimannastígs og Ægisgötu gegn því að húseigendur leggi til 100 kr. – " 300.00

c, Til holræsis í Bankastræti milli Þingholtsstrætis og Ingólfsstrætis gegn jafnmiklu tillagi frá húseigendum " 150.00

d, Til að kaupa tilhöggna brústeina. " 1850.00

e, Til viðhalds vega " 5000.00

Samtals kr. 9000.00

2.

Verði byrjað á holræsagerð í miðbænum á næsta ári að fenginni áætlun leggur nefndin til, að það verði gjört með láni

3.

Nefndin leggur til að veittar verði 4000 kr. til þrifnaðar, snjó-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

moksturs klakahöggs og renna, og 3000 kr. til götulýsingar. –

4.

Ennfremur dregur nefndin athygli á því að gjöra þarf við sundlaugina, og vísar til áætlunar bæjarverkfræðingsins um það. –

Allir á fundi nema Kl. Jónsson og frú Bríet Bjarnhjeðinsd. –

Fundi slitið

Páll Einarsson

Kl. Jónsson  Þ. J. Thoroddsen  Sighvatsson

Ár 1909, hinn 17. desember, átti veganefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Á fundi voru auk borgarstjóra þeir Klemenz Jónsson og Þórður Thoroddsen, og að auk verkfræðingur bæjarins.

1. Lagt fram erindi frá hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps um ofaníburð á Kaplaskjólsvegi. – Samþykkt að láta bera ofan í veginn þar sem þörf er á. –
2. Tekið til umræðu erindi Carl Sæmundsen & Co. um einkaleyfi til að mega nota ljóskerastólpana fyrir auglýsingaspjöld næstu 10-15 ár gegn 5 kr. gjaldi til bæjarsjóðs fyrir hvern stólpa í miðbænum og 3 kr. annarstaðar í bænum. Veganefndin leggur til að einkaleyfið sje veitt til 10–1½ ára gegn áðurnefndu gjaldi, og borgar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stjóra falið að leita nánari samninga um það til fjelagsins.

Fleira ekki fyrirtekið fundi slitið.

Páll Einarsson

Sig Thoroddsen. K. Jónsson Þ. J. Thoroddsen

Ár 1910, hinn 17. dag janúarmán. átti veganefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.

1. Veganefndin vill mæla með beiðni ungmennafjelagsins um skautafarasvæði á Reykjavíkurtjörn, sunnantil á henni. –

2. Erindi Grímsstaðaholtsbúa um að bæjarsjóður láni þeim 400 kr. til brunngraftar vill veganefndin ekki sinna. —

3. Lagt fram erindi frá Magnúsi Egilssyni, þar sem hann býðst til að selja bænum 3500 – 4000 brústeina fyrir 16 aura stykkið. Felld með 2 atkv. gegn 2 að sinna boðinu. –

Allir á fundi nema Þ. Thoroddsen

Fleira ekki fyrirtekið. –

Páll Einarsson

K. Jónsson

Kn. Zimsen. Bríet Bjarnhéð[insdóttir]

Sig Thoroddsen

Ár 1910, hinn 31. janúar, átti veganefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.

Kom kæra fram á fundinum frá Sigurbirni Á. Gíslasyni yfir Guðrúnu Jónsdóttur, margjónar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kæru póstakonunnar við Laugarnar. Frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttur var falið að rannsaka, að hve mikla leyti kæran er á rökum byggð.

Bæjarverkfræðingi var falið á hendur að rannsaka, hver orsökin til þess væri, að svo mikið skolpvatn rennur í Aðalstræti og Austurstræti og gefa veganefnd skýrslu um það.–

Allir á fundi nema Knud Zimsen.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Páll Einarsson

Kl. Jónsson  Bríet Bjarnhjeðinsdóttir  Þ. Thoroddsen

Sig. Thoroddsen.

---

Ár 1910, hinn 28. febr., var veganefndarfundur settur og haldinn á skrifstofu bæjarstjóra. Allir voru mættir á fundinum.

Þetta var tekið fyrir:

1. Kærumál Guðrúnar Jónsdóttur póstakonu. Lagt var fram svar frá Guðrúnu gegn kærunni svo og mörg vottorð frá ýmsum konum um ólastanlega framferði Guðrúnar í laugunum. – Veganefndin sjer ekki ástæðu til að sinna þessu máli eða gera ráðstafanir í tilefni af því, en vísar kæranda til dómstólanna ef hann þykist órjetti beittur.
2. Samþykkt að taka tilboði Böðvars Jónssonar um pípusölu til sundlaugarinnar 1200 ál. af 6" pípum og 600 ál. af 4" pípum fyrir 930 kr.– Klemens Jónsson landritari bað bókað, að hann væri á móti þessari samþykkt vegna þess að útboð um pípusölu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki hefi átt sjer stað. Á sama máli kvaðst hann verkfræðingur Jensen vera.
Fleira ekki fyrirtekið. Fundi slitið.

Páll Einarsson

Pjetur Jónsson [illegible]

Bríet Bjarnhjeðinsdóttir

Kl. Jónsson.

Ár 1910 þ. 14. marz átti veganefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Á fundinum voru að eins auk formannsins bæjarfulltrúarnir Klemenz Jónsson og frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttir. Gjörðist þá það er hjer segir:

1, Jens Eyjólfsson sækir um leyfi til að taka allt að 1000 tunnur af möl í Vatnagörðum. Veganefndin samþykkti að veita leyfi þetta gegn hæfilegu endurgjaldi, eptir álitsgjörð bæjarstjórnarinnar. –

2, Carl Frederiksen bakari sækir um að mega gjöra klóakbrunn á Vesturgötu og fá honum lokræsi til sjávar. Veganefndin vill veita honum leyfi þetta, en verkið sje unnið undir umsjón og eptir fyrirsögn bæjarverkfræð-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ingsins. —

3. Frestað að taka ákvörðun um erindi frá heilbrigðisfulltrúa viðvíkjandi frárenslu frá safnhúsinu og hreinsun og aðgjörð á Vitatorgi, vegna þess að bæjarverkfræðingurinn ekki var á fundinum. —

Fundi slitið
Páll Einarsson
Bríet Bjarnhéðinsdóttir Kl Jónsson

Ár 1910 þann 4. dag aprílmán. átti veganefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.
Þetta var tekið fyrir:

1. Guðm. læknir Hannesson óskar að mega leggja bráðabirgðarkerrubraut sunnanvert við Hverfisgötu. Veganefndin vill leyfa honum það. —
Ennfremur óskar hann að fá til kaups lausagrjót sem bærinn á sunnanvert við sömu götu. Veganefndin leggur til að honum sje selt grjótið fyrir 8 kr. hvern teningsfaðm.

2. Lögð fram kæra frá húseigendum við austurenda Lindargötu útaf vondri ferð á þessum hluta götunnar og á Vitatorgi.
Verkfræðingi bæjarins falið að láta bera ofaní götuna til bráðabirgðar og jafna hrúgurnar, sem kynnu að vera á Vitatorgi. —
~~Allir á fundi nema~~

3. Veganefnd kærir Sigurð Ástbjarnarson til sekta fyrir í óleyfi að hafa hrúgað möl og sandi á Klapparstíg og fyllt upp rési við Hverfisgötu og Klapparstíg, — og krefst þess að hrúgan sje tekin burt tafarlaust. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fleira ekki fyrir tekið.–
Allir á fundi nema Þórður Thoroddsen.

Fundi slitið
Páll Einarsson

Kl. Jónsson   Bríet Bjarnhéðinsdóttir
K. Zimsen.   Sig. Thoroddsen.

Ár 1910 þann 18. aprílmánaðar átti veganefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra:

1. Var lagt fram erindi frá húseigendum við Laugaveg, þar sem þeir fara fram á að gjört verði á þessu vori holræsi í kafla Laugavegar vestan Frakkastígs. Er kafli þessi c. 35 faðmar að lengd og húseigendur heita að leggja fram 215 krónur til þessa holræsis. Nefndin hyggur að þetta holræsi muni kosta um 400 krónur og leggur til, að ræsið verði gjört, undireins og hið lofaða tillag er greitt í bæjarsjóð.

2. Hjeraðslæknir og heilbrigðisfulltrúi skýra frá því, að þeir hafi bannað að nota vatn til drykkjar úr brunnholu fyrir neðan Hólabrekku á Grímsstaðaholti, og fara þeir fram á það, að bæjarstjórnin láti gjöra brunn á þessum stað, eða styrki húseigendur til þess. Veganefndin sjer ekki ástæðu til að sinna þessu, þar sem bæjarstjórnin hefur nýlega synjað húseigendum á þessum stað um styrk til brunngraftar, svo og um að gjöra þar brunn á kostnað bæjarsjóðs.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Nefndin ákvað að láta mála grindurnar kringum Austurvöll.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Páll Einarsson

Jón Þorláksson. Sig. Thoroddsen. K. Zimsen.

Ár 1910 þann 9. dag maímánaðar átti veganefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lagður fram uppdráttur yfir tilhögun gas-götuljóskera. Er á honum gert ráð fyrir 210 götuljóskerum. Veganefndin leggur til að bæjarstjórnin samþykki að sett verði fyrst um sinn 200 ljósker og að nefndinni verði falið að ákveða nánar stað þeirra.

2. Bæjarstjórnin hefur vísað ~~aptur~~ til veganefndar erindi búenda á Grímstaðaholti um styrk til að gjöra vatnsból. Nefndin vísar til gjörðar sinnar á síðasta fundi (2. mál) og vill ekki enn sinna þessari beiðni.

3. Samþykkt að láta bera ofaní Hafnarfjarðarveg.

Fleira ekki gjört.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Kristinsson Jón Þorláksson. K. Zimsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 þann 23. dag maímán. átti veganefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lagður fram uppdráttur yfir tilhögun gas-götuljóskera. Eptir samráði við framkvæmdarstjóra gasstöðvarbyggingarinnar ákvað nefndin að sleppa 7 ljóskerum af uppdrættinum, og verða þau þá 203 að tölu, en nefndin sá sjer ekki fært að sleppa fleirum án þess að raska um of tilhöguninni í heild sinni.

2. Eptir beiðni Sundskálafjelagsins Grettir var samþykt með meiri hluta atkvæða að veija allt að 50 kr. til umbóta á vegi frá Skildingarnesveginum vestur að Þormóðsstaðahliðinu svo að hann verði greiðfær gjörvöllum mönnum.

3. Beiðni 4 manna við Bergstaðastræti um holræsi í þá götu gat nefndin ekki sinnt með því að ekki er neins fjárveiting fyrir hendi og ekki fylgir neitt tilboð um tillag til holræsis frá umsækjendunum.

4. Nefndin spurði bæjarverkfræðinginn eptir áætluninni um holræsi í miðbænum, og kvaðst hann ekki hafa hana tilbúna enn þá, en lofar henni eptir 2–3 vikur.

Fleira ekki gjört
fundi slitið

Páll Einarsson

Kl. Jónsson Kristján Þorgrímsson
Jón Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 þann 13. dag júní-mánaðar átti veganefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lagt fram erindi frá Ólafi Björnssyni fyrir hönd fulltrúanefndar íþróttafjelaganna í bænum, þar sem farið er fram á, að bæjarstjórn láti af hendi svæði 180×90 metra að stærð til íþróttaiðkunna á Melunum fyrir sunnan Kirkjugarðinn og að bæjarstjórnin láti leggja vatns- og gas-æðar að þessu svæði og um það, fjelögunum að kostnaðarlausu, og láti vatn ókeypis til afnota.

Veganefndin leggur til, að bæjarstjórnin láti af hendi við fjelögin til afnota hið umbeðna svæði, eftir nánari útvísun byggingarnefndar; þó þannig að bærinn geti tekið svæðið aftur, án þess að kaupa mannvirki þau, sem á því kunna að verða gjörð, hvenær sem bæjarstjórnin krefst þess.

Nefndin leggur og til, að bærinn kosti vatns- og gas-æðar að svæðinu, og meiri hlutinn ~~álítur~~ leggur einnig til, að æðarnar verði lagðar um svæðið og ljósker sett þar. Vill nefndin þó takmarka fjárveitingu til þessa verka við 4000 krónur.

Loks er það samhuga tillaga nefndarinnar að vatn verði látið ókeypis í tje.

Ennfremur leggur nefndin til, að ekki verði byrjað á framkvæmd umræddra verka fyr en trygging er fengin fyrir því, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

íþróttasvæðið verði þannig útbúið, að veganefnd þykji viðunandi og að borgarstjóra, í samráði við veganefnd, verði falið að gjöra samninga um þetta við hlutaðeigendur.

2. Lagt fram erindi frá Lárusi H. Bjarnasyni um skolpræslu frá húsi því, er hann er að láta byggja við Tjarnargötu. Frestað að gjöra tillögur um þetta, vegna þess, að ekki er komin áætlun um holræsagerð í mið- og vestur-bænum.

3. Á síðasta fundi nefndarinnar 23. maí var bæjarverkfræðingnum gefinn 3 vikna frestur til að fullgjöra áætlun um holræsagerð í vestur- og mið-bænum, en hann ~~gat~~ lagði ekki nú, að frestinum liðnum, ~~lagt~~ fram annað, en álit um holræsi í Aðalstræti, Tjarnargötu og vesturhluta Austurstrætis.

4. Útaf erindi Lárusar H. Bjarnasonar um að Tjarnargata verður breikkuð alla leið frá Skothússtíg norður fyrir Ráðherrahúslóðina leggur nefndin til, að girðingarnar austan við götuna verði fluttar út í jaðar götustæðisins, en vill hinsvegar ekki að svo stöddu leggja ~~fé~~ til, að fje verði ~~veitt~~ veitt til að gjöra gangstjett meðfram þessum hluta Tjarnargötu.

Fundi slitið.

Páll Einarsson
K. Zimsen.
Kristján Þorgrímsson
Sigh. Jónsson.
Jón Þorláksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 þann 25. dag júlímánaðar átti veganefndin fund með sjer.

Var þá fyrir tekið:

1/ Í tilefni af hreinsun þeirri, sem nú fer fram á tjörninni, samþykkti nefndin, að brýna fyrir verkstjóra Hermanni Guðmundssyni, að hafa nákvæmt eftirlit með því, að menn þeir, sem nú eru að hreinsa tjörnina, stundi verk sitt með meira kappi, en verið hefur. Jafnframt var skorað á bæjarverkfræðinginn, að sjá um að duglegir menn verði hafðir til vinnu fyrir bæinn.

2/ Bæjarstjórnin hefur vísað til veganefndar beiðni nokkurra húseigenda við Hverfisgötu um skolpræsi í Hverfisgötu milli Vatnsstígs og Klapparstígs. Nefndin vill ekki að svo stöddu leggja til að ~~beiðni þessari verði sy~~ bæjarstjórnin samþykki málaleitun þessa, en vill hinsvegar taka málið til íhugunar á komandi hausti ef húseigendur á svæðinu frá Klapparstíg austur að Vitastíg bjóða fram ákveðin tillög til skolpræsis á þessum kafla Hverfisgötu.

3/ Bæjarstjórnin hefur einnig vísað til nefndarinnar erindi frá húseigendum í Lindargötu, þar sem þeir bjóða fram 200 kr. tillag til skolpræsis í Lindargötu milli Vatnsstígs og Klapparstígs, ef það verði lagt á þessu sumri. Bæjarverkfræðingurinn hefur áætlað að þetta verk mundi kosta 10–1200 kr. og vill nefndin ekki leggja til, að fje verði veitt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til þessa að svo stöddu.
4/ Erindi Jóns Þórðarsonar um lagningu skolpræsis í Bankastræti fyrir framan hús hans var vísað til bæjarverkfræðingsins til athugunar.
Allir á fundi nema borgarstjóri.

Fundi slitið

K. Zimsen.
Kn. Jónsson   Jón Þorláksson
Kristján Þorgrímsson   Sighv. Bjarnason

Ár 1910, þann 24 ágúst átti veganefnd ni fund með sjer.
Var þá fyrir tekið: 1
1. Ákveðið var að hætta að kveykja á gasljósunum 1. septbr. ukt. og hafa logandi á þeim frá kl 8½ til kl 11½, til 15. septbr. ukt, og frá kl. 8. til 11½ hinn síðari hluta september, en að öðru leyti var frestað að ákveða frekar um logunartíma gasljósanna
2. Erindi frá Bergi Einarssyni, um að kosta ... yrði af bæjarins skolpræsi í Vatnsstíg, en sjálfur býður hann til, að kosta gröft, lagningu og ofaní mokstur. Ákveðið að rannsaka málið til næsta funda
3. Erindi frá búendum við Vallarstræti um frekari ljósker þar. Nefndin frestaði að svo stöddu að gera ákvörðun þessu viðvíkjandi
4. Borgarstjóri skýrði frá, að bæjarverkfræð.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vegna Sig. Thoroddsen hefði unnið
að gegna verkfræðingsstörfum bæjar-
ins, þá á meðal sem ráðu-
nautur veganefndarinnar, og
var hann því eigi mættur á fundin-
um.

Fjarverandi voru ingeniör Þor-
láksson og ingeniör Knud Zimsen

Fundi slitið

Páll Einarsson Kl. Jónsson
Kristján Þorgrímsson

Ár 1910 þann 12. dag septembermán-
aðar átti veganefndin fund með sjer.

Var þá fyrir tekið:

1/ Erindi Jóns Þórðarsonar um holræsi
(Sbr. fund 25/7 4. lið) var lagt fram. Nefnd-
in samþykkir að láta gjöra nú þegar um-
ræddan holræsisspotta (ca. 20. álnir) gegn
því að Jón Þórðarson geri ekki tilkall til
endurgjalds fyrir lóðarræmu undir breikkun
Bankastrætis milli Þingholtsstrætis og
Ingólfsstrætis.

2/ Bergur Einarsson, sútari, fer fram
á að gjört verði holræsi í Vatnsstíg
c 54 álnir að lengd og býðst hann til
grafa fyrir pípunum og moka ofan í
þær á sinn kostnað. Nefndin leggur
til, að þetta holræsi verði lagt og áætlar
kostnaðinn úr bæjarsjóði 80-90 krónur.

3/ Búendur við Vallarstræti og Veltu-
sund fara fram á, að ljóskeri verði bætt
við í Vallarstræti. Nefndin leggur til
að eitt ljósker verði sett á hornina

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

milli Vallarstrætis og Veltusunds.

4) Stjórnarráðið fer fram á að 3 ljósker verði sett við Laufásveg frá Laufási að Kennaraskólanum. Nefndin mælir með þessari beiðni.

5) Nefndin hefur athugað, að götuljós þarf að setja á Stýrimannastíg fyrir neðan Stýrimannaskólann og leggur til, að þar verði sett eitt ljósker.

6) Nefndin leggur til, að frá 1-15 október verði kveikt á götuljóskerunum kl. 7½ og látið loga til kl. 12. Ennfremur vill nefndin að ekki verði látið loga á ljóskerunum þegar bjart er af tungli.

7) Nefndin ákvað að láta taka niður gömlu ljóskerastólpana og vill láta leggja til gasstöðvarinnar þá stólpa, sem hægt er að nota fyrir gasljós.

Fjarverandi voru Jón Þorláksson og Klemens Jónsson.

Fundi slitið

Páll Einarsson Kn. Zimsen.

Kristján Þorgrímsson Sig. Th. Jónsson.

Ár 1910 þann 3. dag októbermánaðar átti veganefndin fund með sjer og var þetta gjört:

x 1) Samþykkt að frá 16-31 október skuli vera kveikt á götuljóskerunum kl. 6 til kl. 12 og látið loga á 20 næturljósum þar sem bæjarverkfræðingur nánar ákveður.

2) Beiðni frá Páli Halldórssyni, skólastjóra um veg frá Stýrimannastíg á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tingötu og beiðni frá umráðamönnum Aldamótagarðsins um framlengingu Laufásvegar meðfram garðinum var frestað og bæjarverkfræðingi falið að gjöra tillögur þaraðlútandi á næsta fundi.

Allir á fundi.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Kr. Þórsson  Kristján Þorgrímsson  Jón Þórhallsson [?]. Ásm. Ramsey [?]

Sig. Thoroddsen.

Ár 1910 þann 25 dag októbermánaðar hjelt veganefndin fund með sjer og var þá rædd áætlunin fyrir 1911.

Leggur nefndin til að eftirgreindar upphæðir verði veittar:

1. Til breikkunar á veginum gegnum Rauðarártraðir Kr. 500.00
2. Til að framlengja Laufásveg suður fyrir Grænuborg upp á Hafnarfjarðarveg, svo að hann verði nokkurnveginn akfær Kr. 600.00
3. Til að gjöra akfæran niðurúng að húsunum við framlenginguna Bergstaðastrætis Kr. 150.00
4. Til holræsagjörðar, einkum í miðbænum, eftir því, sem bæjarstjórnin síðar ákveður Kr. 12000.00

Þetta samþykkt af meiri hluta viðstaddra nefndar.

Flyt Kr. 13250.00

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Flutt Kr. 13250.00

manna og af öðrum meiri-
hluta samþykt, ~~að 4~~ með
því skilyrði, að lán verði
tekið til þess.

5. Til ofaníburðar og við-
halds gatna - — - Kr. 3000.00
~~þetta samþykt af meirihluta~~.

6. Til að gjöra gangstjett að
sunnanverðu í Austurstræti frá
Pósthússtræti að lækunum og
leggja hana steyptum hellum Kr. 2000.00

Kr. 18250.00

7. Til þrifnaðar og snjómoksturs leggur
nefndin til að veitt verði Kr. 5000.00
8. Til götulýsingar Kr. 7000.00
9. Til áhalda og aðgerða á þeim - 200.00
10. Lagt til að veitt verði af óvissum
útgjöldum 400 kr. til leikvalla
handa börnum.

Allir á fundi nema Kristján Þor-
grímsson og Jón Þorláksson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson Kr. Zimsen.
Kl. Jónsson Sig. Thoroddsen.

Ár 1910 þann 14. nóvember hjelt
veganefndin fund með sjer og var þá
lagt fram erindi frá formanni Áburðar
fjelags Reykjavíkur, sem bæjarstjórnin
hefur vísað til nefndarinnar. - Fer
fjelagið í brjefi þessu fram á, að bæjarstjórnin
ákveði skyldu hreinsun náðhúsa á vissum
pörtum bæjarins og að fjelaginu verði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

falin hreinsunin.

Nefndin sá sjer ekki fært að leggja til, að bæjarstjórnin sinni erindi þessu.

Fundi slitið

Páll Einarsson. Kr. Jónsson
Jón Þorláksson
Kristján Bergsveinsson Ásgeir Sigurðsson

Ár 1910 þann 12. desember hjelt veganefndin fund með sjer.

1 Rætt um stofnun bæjarverkfræðingssýslanarinnar. Nefndin leggur til:

að stofnuð verði föst bæjarverkfræðingssýslan með 2700 kr. byrjunarlaunum, er hækki um 200 kr. annaðhvort ár uppí 3500 kr. á ári og kosti bærinn skrifstofu.

að bæjarverkfræðingurinn hafi á hendi byggingarfulltrúastarfið og slökkviliðsstjórastarfið, hið síðara frá þeim tíma, er bæjarstjórnin síðar tiltekur.

að hann hafi á hendi öll störf fyrir bæjarstjórnina, sem útheimta verkfræðilega þekkingu og vinni að undirbúningi, umsjón og framkvæmd allra mannvirkja, sem bæjarstjórnin lætur gjöra, að svo miklu leyti, sem hans eigin starfskraftar leyfa.

að sýslanin sje auglýst laus frá 1. april 1911 og bráðabirgðarráðstöfun gerð til að fá gegnt byggingarfulltrúastarfinu og daglegum verkfræðingsstörfum þangað til.

Allir á fundi nema Klemens Jóns-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

son og Kristján Þorgrímsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Jón Þorláksson K. Zimsen.

Ár 1911 hinn 3. jan. var fundur haldinn. Allir á fundi nema K. Zimsen.

1. Rætt um stofnun bæjarverkfræðingsýslanarinnar. Nefndin leggur til 1) að ákvæðið um launahækkun í tillögu nefndarinnar um þetta mál frá síðasta fundi (1. lið) falli burtu og 2) að aptan við 3. lið bætist: Án samþykkis bæjarstjórnarinnar má hann ekki hafa neitt annað atvinnustörf á hendi, en að öðru leyti leggur nefndin til að tillagan frá síðasta fundi verði samþykt óbreytt.
2. Nefndin leggur til að bæjarverkfræðingsýslanin verði veitt frá 1. april næstkomandi, og að borgarstjóra verði falið að útvega byggingarfulltrúa til bráðabirgða þangað til, og heimilað að greiða kostnað við verkfræðingsstörf í bæjarins þarfir þangað til ef nauðsyn krefur.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Jón Þorláksson K. Zimsen

Kristján Þorgrímsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 hinn 13. dag febrúarmánaðar var fundur haldinn í veganefndinni.

1. Rætt um frumvarp til laga um gjöld til holræsa og gangstjetta í Reykjavík, sem borgarstjóri hefur samið. Voru gerðar ýmsar breytingar á frumvarpinu, en eigi lokið við það að fullu.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Jón Þorláksson. — Kl. Jónsson.

Kristján Bergsson — Sig. Thoroddsen.

Ár 1910 hinn 27. dag febrúarmánaðar var fundur haldinn í veganefndinni:

1. Rætt um frumvarp til ~~ga~~ laga um gjöld til holræsa og gangstjetta í Reykjavík. Þessar breytingar á frumvarpinu samþykktar:

a. 2 gr. a orðist svo:

2‰ af brunabótavirðingarverði húseigna, sem standa á lóð þeirra. Sama gjald skal greiða af húsum þeim, sem síðar verða byggð við götu, sem holræsi er þegar lagt í og sje eldra hús rifið niður greiðist gjaldið af nýsmum virðingarverði húsanna.

b. 2 gr. c falli burtu.

c. Síðasti málsliður 2 gr. orðist svo:

Gjaldið greiðist þegar búið er að gjöra holræsi í þá götu, sem ~~húsið &~~ lóðin telst til og af nýbyggðum húsum, þegar húsið er virt endanlega til brunabóta.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

d. 2 málsliður 3 greinar breytist svo, að 1/3 hluta .. og til enda greinarinnar komi:
„að helmingi eftir lengd lóðanna meðfram götunni og að helmingi eftir brunabótavirðingarverði húseigna þeirra, er á lóðunum standa."

2. Lagt fram erindi frá Bergi Einarssyni, sútara, þar sem hann fer fram á aukið tillag úr bæjarsjóði til holræsis í Vatnsstíg. Nefndin vildi ekki taka þessa málaleitan til greina.

Allir á fundi nema Jón Þorláksson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Sig Thoroddsen. – Kristján Þorgrímsson Kn Zimsen.

Ár 1910 hinn 31. martsmánaðar var fundur haldinn í veganefndinni.

1. Bæjarverkfræðingur Sigurður Thoroddsen lagði fram 11 uppdráttarblöð, er sýna langskurði í götum bæjarins og þar á dregnar línur, er sýna legu og stærð áætlaðra holræsa.

Verkfræðingurinn ætlar að láta yfirlitsuppdrátt og lýsingu á hinu áætlaða holræsakerfi fylgja áætlun sinni og lauslega kostnaðaráætlun, og eftir beiðni veganefndar sjerstaka áætlun um holræsisgerð í Aðalstræti, vesturhluta Austurstrætis, Vallarstræti, Thorvaldsensstræti og Tjarnargötu.

Veganefndin gjörir það að til-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lögu sinni, að bæjarstjórnin heimili (~~að svo komnu~~) að greiða megi Sigurði Thoroddsen það, sem eftir stendur af kaupi hans fyrir árið 1910.

2. Ákveðið að auglýsa sundkennslustarfið á þessu ári.

Allir á fundi.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Kristján Jónsson, Knud Zimsen.

Jón Þorláksson

Ár 1910 24. dag aprílmánaðar hjelt veganefndin fund.

1) Lagðar fram umsóknir um sundkennslustarfið frá Páli Erlingssyni, Birni Jakobssyni og Ingibjörgu Brands.

a. Nefndin ~~leggur til að~~ felur Ingibjörgu Brands sundkennslu stúlkna úr barnaskóla Reykjavíkur, hinum almenna mentaskóla og Kvennaskóla Reykjavíkur tímabilið frá 14. maí til 30. júní. Kennslan skal fara fram fyrri part dags, fyrir hádegi. Kaupið er 150 krónur.

b. Sundkennslu drengja úr barnaskóla Reykjavíkur, hinum almenna mentaskóla, og öðrum skólum, er njóta opinbers styrks felur nefndin Páli Erlingssyni fyrir sama tímabil gegn 225 króna kaupi. Kennslan skal fara fram daglega eftir hádegi.

c. Nefndin heimilar Birni Jakobssyni afnot sundlaugarinnar á kvöldin, ef samkomulag fæst við sundkennarann, Pál Erlingsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2) Ákveðið að ganga á ~~morgun~~ miðvikudag kl. 6 um í Rauðarárstræðir til að taka ákvörðun um breikkun vegarins.

× 3) Nefndin leggur til, að bæjarstjórnin taki allt að 12000 kr. lán til að láta gjöra holræsi í Tjarnargötu, Aðalstræti, Vallarstræti, Thorvaldsensstræti, Veltusund og Austurstræti nú í sumar og að nefndinni verði falin framkvæmd á þessu verki.

Allir á fundi nema Kristján Þorgrímsson.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Kr. Jónsson

Jón Þorláksson.

[signature] Zimsen.

Ár 1910 1. dag maímánaðar hjelt veganefndin fund.

Lagt fram erindi frá Pjetri Halldórssyni, Ól. Jónssyni og Andr. Fjeldsted, þar sem þeir fara fram á að fá afnot landspildu vestan í Öskjuhlíð til skotæfinga.

Nefndin leggur til að þeim verði útvísað til skotæfinga landspilda við suðurenda Öskjuhlíðar, nálægt Nauthól, með skotmarki út að Skerjafirði. Landið getur bæjarstjórn tekið aftur hvenær sem er. Veganefndin ákveði síðar hin nánari takmörk landsins.

Allir á fundi nema Kr. Þorgrímsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson Kr. Jónsson [signature] Zimsen.

Jón Þorláksson. B. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911 þ. 15. maí átti veganefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Mættir voru borgarstjóri, bæjarfulltrúarnir Kl. Jónsson og Kristján Þorgrímsson og bæjarverkfræðingurinn. Gjörðist þá það er hjer segir:

1°

Samþykkt að Guðmundur Egilsson trjesmiður megi leggja vatnssalerni í húsi sínu Nr. 42 við Laugaveg.

2°

Út af erindi frá verslun-inni Björn Kristjánsson var ákveðið að láta hreinsa rennuna yfir Vesturgötu hjá húsi Björns Kristjánssonar, en neitað að leggja fram fje til frekari aðgerða á henni.

3°

Samþykkt að færa ekki girðinguna í túni Sveins(sæm)sonar við Rauðarárstraðir ~~ekki~~ lengra inn að þessu túni, en breikkun götunnar nemur, en eigandi túnsins gefi skriflega yfirlýsingu um, að flytja girðinguna lengra inn á sinn kostnað, ef gatan verður breikkuð meira seinna. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4c

Samþykkt með meiri hluta að leggja til að tveggja þumlunga pípa verði lögð úr vatnsleiðslunni í Sundlaugina. Kostnaður áætlaður c. 1240 kr.

Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið

Páll Einarsson
Kl. Jónsson Kristján Þorgrímsson
B. Sveinsson

Ár 1911 hinn 29. dag maímánaðar átti veganefndin fund með sjer og voru tekin fyrir þessi mál:

1°. Lagt fram erindi frá 14 búendum við Lindargötu, þar sem þeir fara fram á, að holræsi verði gjört í Lindargötu milli Vatnsstígs og Klapparstígs. Nefndin er sammála um, að nauðsyn beri til að gjöra þetta holræsi, en sjer sjer ekki fært að leggja til við bæjarstjórn, að nýtt lán verði tekið til þessa verks. Vill hinsvegar gjöra það að tillögu sinni, að holræsi þetta verði gjört á næstkomandi hausti, ef afgangur verður af því 12000 kr. láni, sem samþykkt er að taka til holræsisgerðar í miðbænum.

2°. Erindi frá Guðm. Hannessyni hjeraðslækni um rennu meðfram Hverfisgötu að neðanverðu vill nefndin taka til íhugunar, þegar næsta fjárhagsáætlun verður samin, en felur bæjarverkfræðingnum að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæta sem best til bráðabirgða úr óþægindum þeim, er stafa af ræsisleysinu.

Allir á fundi nema Klemens Jónsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson.

Kristján Þorgrímsson Jón Þorláksson. J. Aðumsy[?]

B. Jónasson.

Ár 1911 hinn 8. dag júnímánaðar var fundur haldinn í veganefndinni.

x 1. Lögð fram áætlun bæjarverkfræðingsins um breytingu á holræsagerð í Tjarnargötu og Aðalstræti, og ákvað nefndin uppá væntanlegt samþykki bæjarstjórnar að gjöra dælistöð fyrir skolp úr suðurenda Tjarnargötu fyrir sunnan hús Eiríks Bjarnasonar, er dæli skolpinu upp á Suðurgötu, en nægilega víða (12") pípu þaðan ofan í Aðalstræti. Er áætlað, að við þessa breytingu sparist ~~um~~ allt að 2000 krónur á byggingarkostnaði holræsa.

Nefndin leggur að öðru leyti til, að henni sje falin framkvæmd á þeirri holræsagjörð, sem bæjarstjórnin hefur samþykkt.

2. Ákveðið var að bjóða út pípur þær, sem ~~þarf~~ þarf til holræsagerðarinnar í sumar.

v 3. Nefndin leggur til, að frakkneska spítalanum sje leyft að setja vatnssalerni í spítalann. Verkið sje framkvæmt undir umsjón bæjar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verkfræðingsins.

Klemens Jónsson fjarverandi.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Kristján Þorgrímsson

Jón Þorláksson. Kn. Zimsen.

Bjarnason.

Ár 1911 þ. 19. júní var borgarstjórinn til staðar á skrifstofu sinni kl. 12 á hádegi ásamt bæjarverkfræðingnum til þess að opna tilboð í pípur til holræsa, er boðnar höfðu verið út í blöðunum. Mættir voru ennfremur þeir Böðvar Jónsson pípugjörðarmaður og Kjartan kaupmaður Gunnlaugsson f. h. firmans Helgi Magnússon & Co. —

Til borgarstjóra höfðu að eins komið tvö tilboð og voru þau opnuð að viðstöddum ofangreindum mönnum og reyndust þau að vera frá:

Böðvari Jónssyni fyrir samtals kr. 2857,20
Helga Magnússyni & Co. - - - 3038,00

Tilboðin voru lesin upp í heyranda hljóði. —

Páll Einarsson

Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911 þ. 20. júní kl. 10 f.h. var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra. Fundurinn hefur verið boðaður öllum (öllum) nefndarmönnunum, en mættir voru að eins borgarstjóri og Jón Þorláksson, og bæjarverkfræðingurinn.

Fundarefnið er að taka ákvörðun um þau tvö tilboð í pípur til holræsa sem send hafa verið borgarstjóra, en þessi tvö tilboð eru frá:

Helga Magnússyni & Co. kr. 3038.00
Böðvari Jónssyni - 2857.20

Var samþykkt að taka tilboði Böðvars Jónssonar. —

Það tilboð er sundurliðað þannig:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 20" víðar | kr. 6.60 | pr. meter | – 24 m. | = kr. 158.40 |
| 18" – · – | - 4.90 | – · – | 130 m. | = - 637.00 |
| 15" – · – | - 4.60 | – · – | 72 m. | = - 331.20 |
| 12" – · – | - 3.50 | – · – | 130 m. | = - 455.00 |
| 9" – · – | 1.92 | – · – | 380 m. | = - 729.60 |
| 6" – · – | 1.20 | – · – | 455 m. | - - 546.00 |
| | | | Samtals | = kr. 2857.20 |

Fleira gjörðist ekki. —

Fundi slitið

Páll Einarsson Jón Þorláksson

Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911 h. 17. júlí var fundur haldinn
í veganefndinni og þá fyrir tekið:
1. Guðm. B. Kristjánsson og Þorst. Tómasson
fara fram á, að Ránargata verði lengd
vestur að lóð þeirra, sem hefur verið talin
nr. 3 við Bræðraborgarstíg, þarsem eigandi
nágrannalóðar við Bræðraborgarstíg hefur
afgirt gang, sem verið hefur frá þeirri
götu að húsinu. Nefndin sá sjer ekki
fært að leggja til, að þetta verði gjört nú,
en vill taka það til íhugunar, þegar
næsta fjárhagsáætlun verður samin.
x 2. Gísli Finnsson fer fram á, að settur verði
grjótstöpull fram af Norðurstíg fyrir
framan bólverkið til þess að menn
geti kastað óhreinindum af honum
fram í sjó, svo langt, að vanalegt
flóð nái þeim. Bæjarverkfræðingurinn
áætlar að það muni kosta um 70 krónur.
Nefndin er því mótfallin, að fje verði
veitt til þessa, en vill krefjast þess
af heilbrigðisnefnd og lögreglustjóra,
að komið verði í veg fyrir, að óhrein-
indum verði kastað á þenna stað.
3. Jes Zimsen sækir um leyfi til að
mega steinbræða lýsi á Langanes-
bletti. Veganefndin vill ~~er~~ fyrir sitt leyti
veita þetta leyfi, ef heilbrigðisnefnd sam-
þykkir og fullnægt verður skilyrðum
þeim, sem hún kann að setja.
x 4. Nefndin leggur til að holræsi verði
gjörð í Grjótaþorpið og í vesturhluta
Hafnarstrætis nú í sumar umleið og
holræsi er gjört í Aðalstræti. Eftir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

áætlun bæjarverkfræðings er kostnaðurinn samtals 3020 krónur.

Á fund vantaði Klemens Jónsson og Jón Þorláksson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Kristján Þorgrímsson

Þ. Sveinsson.

B. Jensson.

Ár 1911 h. 31. júlí var fundur haldinn í veganefndinni og þá fyrir tekið:

x 1. Samþykkt að hafa ~~ð~~ älistöðina fyrir skólp úr Tjarnargötu á lóð þeirri, sem bæjarstjórnin hefur keypt til að byggja á brunastöð.

2. Samþykkt að ~~fylla upp~~ nota til uppfyllingar í Thorvaldsensstræti og Vallarstræti möl og sand, sem afgangs verður við lagningu holræsa, en það sem ekki verður til þess notað skal flytja í framlenginguna Fríkirkjuvegar.

x 3. Nefndin vill fyrir sitt leyti leyfa að vatnssalerni sjeu sett í sambandi við holræsin, en vill fá ~~tæ~~ álit heilbrigðisnefndar áður en málið verður á enda kljáð. Vill nefndin fá þetta álit sem allra fyrst.

Á fund vantaði Jón Þorláksson

Fundi slitið.

Páll Einarsson

KlJónsson Kristján Þorgrímsson

B. Jensson. Þ. Sveinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911 h. 4. september var fundur haldinn í veganefndinni.

x 1. Bæjarverkfræðingurinn lagði fram tilboð í vatnsmótor og dælu í skolpbrunninn í Tjarnargötu. Ákveðið að taka tilboði frá Niels Holmeck & Co. i Kristjania, sem býður að selja þetta hvorttveggja fyrir 660 krónur.

2. Samþykkt að leggja holræsi í Túngötu, fyrst um sinn vestur að Garðastræti.

x 3. Veganefndin leggur eindregið til, að leyft verði að setja vatnssalerni í samband við öll holræsi, sem ~~trafa~~ liggja út í sjó.

Kristján Þorgrímsson ekki á fundi.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Kr. Jónsson Jón Þorláksson K. Zimsen.

Ár 1911, hinn 19. sept. var fundur haldinn í veganefndinni, og þetta tekið:

1. Erindi frá íbúum við Grundarstíg um framlengingu Grundarstígs vísað til bæjarverkfræðingsins til athugunar fyrir áætlun næsta árs.

2. Út af framkominni beiðni frá prestunum í Landakoti um að fá framlengt holræsið í Túngötu upp að barnaskólanum í Landakoti ákvað nefndin að verða við beiðninni ef það kemur í ljós að fjárveitingin til holræsa hrekkur til þess.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Rætt um framkvæmdir í vegagerðum og holræsagerðum næsta ár, en engin ákvörðun tekin að sinni.

Allir á fundi nema Páll Einarsson, sem var farinn til útlanda.

Fundi slitið

K. Zimsen.

Kristján Þorgrímsson  Kn. Jónsson  Jón Þorláksson.

B. Jónsson.

Ár 1911, hinn 3. október var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra. Var þá fyrir tekið.

1. Beiðni frá íbúum við Hverfisgötu um holræsi í Hverfisgötu frá Frakkastíg til Vitastígs. Vegalengdin er 170 metrar og kostnaður áætlaður kr. 1105,00. Nefndin vill taka beiðnina til athugunar við samning áætlunar fyrir næsta ár.

2. Beiðni frá húseigendum við Vesturgötu um holræsi í þá götu frá Norðurstíg að Stýrimannastíg. Vegalengdin er 180 metrar, kostnaður er áætlaður 1035 krónur. Fjárveitingin, sem heimiluð hefir verið til holræsa í ár, mun ekki hrökkva til að vinna einnig þetta verk, en með því að holræsi er komið í götu þessa bæði fyrir austan og vestan, vill nefndin leggja til að veitt verði upphæð sú, 1035 kr., sem þessi kafli kostar, og verkið unnið í haust.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Allir á fundi nema Klemens Jónsson
Fleira ekki fyrir tekið
Fundi slitið

Kr. Zimsen.
Kristján Þorgrímsson  Jón Þorláksson.
B. Jónassen.

Ár 1911 þann 25. oktober átti vega-
nefndin fund með sjer. Var þá
fyrirtekið:
1. Rætt vega áætlun fyrir næsta ár og
samþykt.
1. Macadamisering á Austurstræti
með koltjöru og mulnings-kostn. Kr. 8,480,00
2 Gangstjettir hellulagðar beggja
megin í sama stræti  – 3.975,00
3. Lögun á Lækjartorgi  800,00
4 Hellulögð gangstjett í Kirkju-
stræti sunnanverðu frá Thor-
valdsenstræti að Tjarnargötu  560,00
5 Framlenging á Ránargötu  170,00
6. Aðgerð á Tjarnargötu . . .  500,00
7 Til viðh. ofaníburðar og við-
halds gatna - - .  4,000,00
Kr. 18,485,00
2 Ákveðið að leggja til, að 9000
Kr. verði veittar til þess að kaupa
gufuvaltara, er takist með láni
3. Rædd áætlun um holræsa-
gerð n.á. og samþykt
a. Hverfisgata frá Smiðjustíg niður
að Læknum  Kr. 2030,00
b Bankastræti frá Þingholts-
stræti að Skólavörðustíg  650.-
Kr. 2680,00

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Flk. 2680.

c. Laugavegur frá Skóla-
vörðustíg að Smiðjustíg 610. „

d. Skólavörðustígur frá Banka-
stræti að Bergstaðastræti 740. „

e. Ingólfsstræti frá Bankastræti
að Amtmannsstíg — 530. „

f. Bergstaðastræti frá Skólavörðu-
stíg til að Laugavegi 525. „

g. Hafnarstræti 850. „

h. Túngata frá Garðastræti að
Landakotstúni 1850. „

i. Lækurinn 30,550

Kr. 38,340. „

Upphæð þessi er ætlazt til að
fá með láni.

4. Til þrifnaðar, snjómokstur, klaka-
höggs og rennu telur nefndin
að nægja muni n.á. 4000 Kr.

5. Til götulýsingar telur nefndin
nægja 7000 kr. eins og í ár.

6. Til að halda og afgreiða í þessu leggur
nefndin til, að veitt verði 200 kr.
eins og að undanförnu.

7. Nefndin álítur, að skrifstofu-
kostnaður bæjarverkfræðings geti
eigi orðið minni næsta ár en
500 krónur, og leggur því til, að sú
upphæð verði veitt.

Allir á fundi nema Þór. Þórlaks-
son

Fundi slitið

K. Zimsen. Kl. Jónsson

B. Þórarinsson Kristján Þorgrímsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911 þann 14. nóvember átti vega-
nefndin fund með sjer og var þá fyr-
ir tekið:

1. Búendur við Grundarstíg hafa farið fram á að gatan væri lengd til suðurs. Erindi þeirra var frestað á síðasta fundi veganefndar og falið bæjarverkfræðing til nánari athugunar. Áætlað er að vegagerðin sjálf með girðingunni kosti 285 kr. Undir veginn þarf að kaupa alls 1296 ferálnir, en nefndin vill láta í skiftum lóðarræmur, sem bærinn á fyrir austan lóðir Magnúsar Stephensens og Gísla Jóhannssonar, svo og ræmu milli lóða þeirra. Vilji lóðareigendur hafa þessi skifti og selja þá lóð, sem umfram er fyrir 50 aura hverja feralin, þá mælir veganefndin með því að vegagerð þessi verði tekin upp á fjárhagsáætlun 1912. Bæjarverkfræðingi falið að mæla lóðarræmurnar, sem bærinn á, og borgarstjóra að leita eftir samningum við lóðareigendur um kaup og skifti á lóðunum.

2. Ólafur Jónsson á Langalandi fer fram á að fá endurbætur fyrir skemmdir á túni hans, er stafa af því að pípur voru í fyrra vor lagðar um túnið að sundlauginni. Nefndin telur rjett að bæta honum þenna skaða með 30 krónum, eins og hann fer fram á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Erindi um holræsi í part af Hverfisgötu, sem frestað var á fundi veganefndar 3 okt. (1. liður) vill veganefndin ekki taka til greina, þar sem hún álítur að þörfin fyrir holræsi sje jöfn í allri Hverfisgötu og rjett sje því að ~~taka~~ leggja í hana alla í einu.
4. Búendur við norðanvert Bergstaðastræti fara fram á að lagt verði holræsi í Bergstaðastræti frá Skólavörðustíg að Spítalastíg. Veganefndin viðurkennir, að mjög mikil þörf sje á þessu ræsi og leggur því til, að tekin verði upp á fjárhagsáætlun 1912 975 kr. fjárveiting til þessa verks.
Fleira ekki gjört.
Á fund vantaði Jón Þorláksson og Klemens Jónsson
Fundi slitið.
Páll Einarsson
B. Guðnason. Kristján Þorgrímsson J. Zimsen.

Ár 1911 þann 4. desember átti veganefndin fund með sjer og var þá þetta fyrir tekið:
1. Lagt fram erindi frá búendum við Vesturgötu, þar sem þeir fara fram á að holræsi verði lagt í götuna milli Bræðraborgarstígs og Framnesvegar. Þar sem ekki er veitt neitt fje til holræsa á þessu svæði, sjer nefndin sjer ekki fært að leggja til, að það verði gjört, en felur bæjarverkfræðing að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjöra nauðsynlegastar umbætur á renninni meðfram götunni.

2. Lagt fram erindi frá Jóni Hannessyni í Austurkoti, þar sem hann fer fram á endurbætur fyrir vegagjörð frá Kaplaskjólsvegi að Austurkoti. Bæjarverkfræðingi falið að láta bera ofan í veginn að svo miklu leyti sem þörf verður á; en að öðru leyti vill nefndin ekki sinna þessu erindi.

3. Páll Erlingsson, sundkennari, fer fram á að fá launa-uppbót fyrir sundkennslu fyrir helming mánaðar síðastliðið vor; en hann kenndi þá nemendum mentaskólans samkvæmt ósk stjórnenda skólans. Nefndin leggur til að honum verði greiddar 35 krónur.

4. Búendur við Rauðarárstíg og Laugaveg innanverðan fara fram á að sett verði ljósker á horninu á Laugavegi og Rauðarárstíg og á krikanum milli Hverfisgötu og Laugavegar. Veganefndin álítur að þörf sje á þessum ljóskerum, en vísar að öðru leyti málinu til gasnefndar.

Á fund vantaði Klemens Jónsson, Jón Þorláksson og Kristján Þorgrímsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

B. Jónasson.

J. Þórimsey.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912 hinn 12. febrúar var haldinn fundur í veganefndinni og var þá fyrir tekið:

1. Samkvæmt skriflegri ósk Þórðar læknis Sveinssonar var samþykkt að gjöra við veginn um Laugarnestún.

2. Þorlákur Ófeigsson fer fram á að gjörður verði vegur að erfðafestulandi hans í Kirkjumýri. Nefndin gat ekki sinnt þessari beiðni.

Þarsem bæjarverkfræðingurinn mætti ekki á fundinum var frestað öðrum málum.

Á fund vantaði þessutan Jón Þorláksson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson.
Kristján Þorgrímsson Kl. Jónsson Jón Jensson(?)

Ár 1912, hinn 26. febr. hjelt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

X 1. Nefndin samþykti að leyfa á sama hátt og síðastliðið ár að leggja saltfisk til bráðabirgða á Stakkstæðið fyrir framan Edinborgarverzlun; einnig var samþykt að afmarka þar pláss til sölu á nýjum fiski.

x 2. Samþykt að leyta eptir kaupi á trommlu með hreifanlegri mulningsvjel, þó þannig að hvorttveggja fáist fyrir hina veittu upphæð, 9000 kr., og bæjar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verkfræðingnum falið að útvega tilboð þar um.
3. Samþykt að bjóða út pípur til holræsa komandi sumar, og hellur til gangstjetta í Austurstræti.
Allir á fundi
Fundi slitið
Páll Einarsson
Kn. Zimsen Kristján Þorgrímsson Jón Þorláksson
Tr. Gunnarsson Bjarnason.

Ár 1912, hinn 9. apríl, var fundur haldinn á skrifstofu borgarstjóra.
1. Samþykt að taka tilboði Magnúsar Egilssonar um að kaupa af honum höggna kantsteina 14×10 þuml., 200 álnir fluttar niður í götu, fyrir kr. 1.35 hverja alin.
2. Erindi Páls Erlingssonar um aðgerð á sundlauginni vísað til bæjarverkfræðings til athugunar á kostnaði.
3. Sundkenslu ráðstafað á sama hátt og síðastliðið ár, að því viðbættu að sundkensla fyrir pilta byrji 1. maí í stað 14. maí síðasta ár, og hafi sundkennarinn tiltölulega meiri borgun eptir tímalengdinni.
4. Erindi frá Ingimundi Pjeturssyni o. fl. um ofaníburð í framhald Sellandsstígs hafði bæjarverkfræðingur athugað, og álítur að á því svæði sje gagnslaust að bera ofan í, með því að þar er algerð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vegleysu og þörf að jafna landið undir veg. Nefndin álítur þörf á vegi á þessum kafla, og vill taka fjárveitingu í því skyni til athugunar við samning áætlunar fyrir næsta ár.

Fleira kom ekki fyrir
Allir á fundi

Fundi slitið
Páll Einarsson
Kristján Þorgrímsson Jón Þorláksson
Tr. Gunnarsson Kl. Jónsson
B. Jónsson.

Ár 1912, mánudag þann 15. april átti veganefndin fund með sjer. Var þá tekið fyrir.

1. Erindi frá ungmennafjelagi Reykjavíkur og Iðunni um að fá sundlaugina til afnota á kvöldin ~~frá~~ í maímánuði n.k. Nefndin samþykti að ~~heimila~~ ~~þessi afnot~~ þessi afnot ~~leyfis~~ fresta þessu máli fyrst um sinn.
2. Ákveðið að láta gera við sundlaugina samkvæmt erindi Páls Erlingssonar, er frestað var á síðasta fundi; og áætlar bæjarverkfræðingur kostnaðinn 350,00.

Fleira kom ekki fyrir
Allir á fundi

Fundi slitið
Páll Einarsson
Kristján Þorgrímsson Tr. Gunnarsson
Kl. Jónsson Jón Þorláksson.
B. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912 þ. 30. apríl kom veganefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Fjarverandi voru Klemens Jónsson og Jón Þorláksson; en hvorugur þeirra var staddur í bænum. –

Var tekið fyrir erindi frá Ungmennafjelögunum í Reykjavík dags. 10. þ.m., en í því er sótt um að fjelögin fái sundlaugina til afnota 3 stundir á kvöldi í maímánuði til sundkenslu, en fjelögin hafa ráðið Björn Jakobsson sem sundkennara. –

Tveir úr nefndinni af þeim er mættir voru, mæla með því, að bæjarstjórnin verði við þessari beiðni Ungmennafjelaganna, en einn úr nefndinni er því mótfallinn. –

Fleira gjörðist ekki. –

Fundi slitið

Páll Einarsson   Fr. Gunnarsson

Kristján Þorgrímsson   B. Jónsson

Ár 1912, hinn 13 maí átti veganefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.

1. Landsímastjórinn spyrst fyrir um hvort nokkuð sje því til fyrirstöðu að lagðar verði niðurgrafnir talsímar í nokkrar götur í bænum. Nefndin hefur ekkert á móti þessu að því tilskyldu, að bæjarverkfræðingur ákveði hvar í götunum símarnir sje lagðar og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að landsvinnunni bæti eða borgi allar þær skemdir, sem af þessu hljótast á götunum og mannvirkjum sem í þeim eru.

2. Lögð fram 8 tilboð um gufu- og mótorvaltara, sem bæjarverkfræðingur hafði útvegað. Nefndin samþykti að kaupa 6 tonna gufuvaltara frá Aveling & Porter samkvæmt tilboði frá Geir G. Zoëga, fyrir ~~£ 750~~ £ 375/0/0 fob Leith. Ennfremur ákveðið að kaupa malningsvjel frá Robert Broadbent & Sons samkvæmt tilboði sama fyrir £ 75/0/0 fob Leith

3. Lögð fram teikning af fyrirhuguðu holræsi í Lækinn, sem áætlað er að kosti 30 þús. kr. Meiri hluti nefndarinnar er því samþykkur að verk þetta verði unnið á þann hátt, sem teikningin sýnir. Tryggvi Gunnarsson er ósamþykkur.

4. Ákveðið að bjóða út sement það, sem þarf til vega- og holræsa á þessu ári.

5. Nefndin leggur til að veittar verði kr. 300,00 til að gera pissoir í nánd við hafnarbryggjuna.

Kr. Þorgrímsson ekki á fundi

Fundi slitið

Páll Einarsson K. Zimsen Tr. Gunnarsson

Jón Þorláksson B. Jónsson

Ár 1912 þ. 28. maí kl. 12 á hádegi var borgarstjórinn til staðar á skrifstofu sinni til þess að veita viðtöku og opna tilboð um sölu á cementi og holræsapípum, sem auglýst hefir verið eftir.

Tilboð um sölu á cementi höfðu komið alls 3 og reyndust að vera þessi:

| | | |
|---|---|---|
| 1, | frá Knud Zimsen | 6 kr. pr. tn. |
| 2, | – Hallgr. Benediktssyni | 5 – 70 a. pr. tn. |
| 3, | – Böðvari Jónssyni | 6 – 25 a pr. tn. |

Tilboð um holræsapípur:

| | | |
|---|---|---|
| 1 | frá Böðvari Jónssyni fyrir alls | kr. 1705,00 |
| 2 | – Helga Magnússyni & C. | – – – 1790,00 |

Tilboðin voru öll lesin upp í heyranda hljóði, að viðstöddum tveimur af þeim, er tilboðin höfðu sent og bæjarverkfræðingnum.–

Páll Einarsson

B. Jónsson.

Ár 1912, hinn 28. maí, hjelt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Var rætt um tilboðin um holræsapípurnar. Einn nefndarmanna, Kl. Jónsson, var ekki á fundinum, en af þeim nefndarmönnum er mættir voru, greiddu tveir atkvæði með tilboði Böðvars Jónssonar, en tveir með tilboði Helga Magnússonar & Co.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og var málið þannig skoðað sem óútkljáð.
2. Frestað til morguns að taka ákvörðun út af tilboðum um sement

Fundi slitið
Páll Einarsson
Jón Þorláksson. Kristján Þorgrímsson
Kr. Gunnarsson

Ár 1912 hinn 29. maí hjelt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.
1. Tilboð Böðvars Jónssonar um holræsapípur var samþykt m. 3 atkv. gegn 1, en þetta tilboð var þannig:
314 m/m víðar Kr. 3.50 pr. meter
235 m/m — — Kr. 1.92 — — —
157 m/m — — — Kr. 1.20 — — —
Upphæðin öll Kr. 1705,60
2. Samþykt að taka tilboði K. Zimsens um sement frá Aalborg Portland Cement Fabrik fyrir Kr. 6,00 pr. 2/2 poka, þó þannig að keyptar verði af Hallgr. Benediktssyni 200/2 pokar af sementi frá verksmiðjunni „Norden“ til reynslu.

Fundi slitið
Páll Einarsson
Jón Þorláksson Kristján Þorgrímsson
Kr. Gunnarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, hinn 4. júní hjelt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi nema Kristján Þorgrímsson.

1. Bæjarverkfræðingurinn lagði fram uppdrátt af hinni fyrirhuguðu breytingu á Austurstræti, og var uppdrátturinn samþykktur. –

2. Frestað að taka endanlega ákvörðun um lögun á Lækjartorgi. –

3. Samþykkt að leita eftir kaupum á 1600 gangstjettarhellum úr Cementssteypu og bæjarverkfræðingnum falið að afgjöra kaupin ef verðið fer ekki fram úr kr. 1.15 fyrir hverja gangstjettarhellu. –

4. Bæjarverkfræðingurinn leggur fram tillögu um að leggja holræsi í götu milli Tjarnargötu og Skothúsvegar, til þess að útvega afrennsli frá húsunum № 33 og 37 við Tjarnargötu. Er áætlað að það kosti 1005 krónur. – Nefndin vill ekki verja svo miklu uppleið úr bæjarsjóði til þessa enda engin fjárveiting af hálfu bæjarstjórnar fyrir hendi. –

Fundi slitið

Páll Einarsson

Kl. Jónsson Þór. Þorláksson Tr. Gunnarsson

Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912 þ. 18. júní kom vega-
nefndin saman á fund á skrif-
stofu borgarstjóra. Allir á fundi
nema Jón Þorláksson. –

1, Lagt var fram erindi frá
Eiríki Bjarnasyni dags. 17. þ.m.,
en í erindi þessu fer hann
fram á að bæjarsjóður leggi
fram nokkuð af kostnaðinum
við lagning holræsis frá hús-
inu úti í göturæsið. Vegna
þess hve sjerstaklega stendur
á vill nefndin leggja til að
60 kr. verði veittar úr bæjar-
sjóði til þessa, enda er þá
gjört ráð fyrir, að úr útbygg-
ingu Bernhussins verði einnig
lagt í þetta ræsi. –

2, Nefndin sá sjer ekki fært að þessu
sinni að gjöra tillögu um fjár-
veitingu til að gjöra holræsi
eptir Skólavörðustíg, en telur framkvæmdina ~~beiðn-~~
~~ina~~ aptur til íhugunar bráðlega
ásamt öðrum beiðnum um
holræsi, er liggja fyrir. –

3, Samþykkt að leggja til, að allt
að 200 krónur verði veittar úr
bæjarsjóði til að gjöra holræsi
milli Skothúsvegar og holræsisins
í Tjarnargötu ef hús- og lóðar-
eigendur við þetta svæði leggja
jafnmikla upphæð fram frá
sjer auk hins lögákveðna hol-
ræsagjalds.

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjörðist ekki. —

Fundi slitið

Páll Einarsson

Kristján Þorgrímsson  Kl. Jónsson

Fr. Gunnarsson  B. Jónasson

Ár 1912, þann 6. júlí átti vega-nefndin fund með sjer. Allir á fundi nema Jón Þorláksson, Kr. Þorgrímsson.

Tilefni fundarins var það, að sumum úr nefndinni þótti fram-kvæmd holræsagjörðar í Lækn-um að ýmsu leyti athugaverð og hefði því bæjarverkfræðingur-inn verið boðaður á fundinn. Hann gerði grein fyrir framkvæmd-inni og svaraði aðfinningum þeim, sem fram komu.

Nefndin ákvað, að verkfræðingur-inn hefði eigi heimild til þess fram-vegis að ráða yfirverkstjóra fyrir hærra kaup en 5 Kr. á dag, nema með leyfi nefndar, að öðru leyti fann nefndin ekkert frekar að athuga.

Fundi slitið

Fr. Gunnarsson  Páll Einarsson  Kl. Jónsson

B. Jónasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912 þ. 29. júlí kom vega-
nefndin saman á fund á skrifstofu
borgarstjóra, og fór þá fram það er hjer
segir:

1, Borgarstjóri las brjef dags. 24.
þ.m. frá Jóh. Jóhannessyni kaup-
manni þar sem hann, fer
þess á leit, að bæjarstjórnin láti
bæta Bröttugötu upp að kvik-
myndahúsinu og heitir styrk
frá sjer til þess. –

Nefndin leggur til, að ~~gjört~~
gatan verði fyrir næsta haust
makadamiseruð eða tjöruasfalt-
eruð, ef það álízt heppilegt,
ef umsækjandi greiðir allt
að helmingi kostnaðarins,
og felur nefndin bæjarverk-
fræðingnum að gjöra áætlun
um hve mikið það muni
kosta, og leita samninga við
umsækjanda um fjárfram-
lag af hans hálfu. –

Fleira gjörðist ekki. –

Á fund vantaði Kl. Jónsson og Jón
Þorláksson

Fundi slitið.
Páll Einarsson.

Tr. Gunnarsson Kristján Þorgrímsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912 þ. 12. ágúst kom vega-
nefndin saman á fund á skrif-
stofu borgarstjóra. Gjörðist á fund-
inum það er hjer segir:

1.

1, Lagt var fram brjef frá Jes Zimsen um sölu eða makaskifti á lóðinni undir brunnhúsi hans fyrir Hverfisgötu.

Nefndin leggur til að bæjarstjórnin makaskipti við hann á lóðinni undir brunnhúsinu þannig að hann fái fyrir þá lóð 300 ferálnir af lóð fyrir norðan lóð Kolsstaða- við Laugarnesveginn. En það sem umfram er af lóð þar greiði kaupandi með kr. 1.25 fyrir hverja fermeter.-

2, Var rætt um vegagjörðina í Austurstræti og bað bæjarfulltrúi Tryggvi Gunnarsson það bókað, að hann væri mótfallinn því, að gangstjetturnar væru hækkaðar, mjókkaðar og hlykkir settir á þær, og margir tilhöggnir steinar settir í undirburð í götuna.-

Formanni nefndarinnar þótti ekki ástæða til að gjöra neitt út af athugasemdum þessum, og áleit hann þær ekki á neinum rökum byggðar.

Fleira

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjörðist ekki. –
Á fundinum vantaði bæjarfull-
trúana Klemens Jónsson og Jón
Þorláksson. –

Fundi slitið.
Páll Einarsson.
Kristján Þorgrímsson Tr. Gunnarsson
B. Jónasson.

Ár 1912, þann 16. september átti veganefndin fund með sjer.
Var þar og því fyrirtekið
1. Meiri hluti nefndarinnar samþykkti að verja allt að 400 kr. til aðgerðar á Bröttugötu, gegn því, að Jóh. Jóhannesson leggi fram allt að helmingi kostnaðarins
2. Viðvíkjandi Lækjargötu álítur meiri hluti nefndarinnar að hallast að teikningu og áætlun bæjarverkfræðings-umanna, með því skilyrði: að lóðir fáist ókeypis undir breikkun götunnar, enda er því sjáanlegt, að þar nú líti traust girðingu vestan við lóðir hlutaðeiganda við tekkiuna. Tr. Gunnarsson var ósamþykkur tillögunum um á Lækjartorgi og Stjórnarráðsblettinum

Allir á fundi nema Jón Þorláksson. Fund

slitið
Páll Einarsson
K. Zimsen  Kristján Þorgrímsson
Tr. Gunnarsson  B. Jónasson

Ár 1912 hinn 30. sept. var fundur haldinn í veganefndinni.

Var þá fyrir tekið:

1. Rætt um girðingarnar meðfram Lækjargötu og ákveðið að fá áætlun um kostnað við girðingu úr járni á steyptum fæti með steinsteypustólpum. Svo var og ákveðið að laga Lækjargötu með ofaníburði fyrir veturinn.

x 2. Upplýst að fjárveitingin til holræsa muni ekki gjöra meira en að nægja til að fullgjöra þau holræsi, sem samkvæmt áætluninni hafa verið tekin fyrir. Nefndin er á því að nauðsynlegt sje að halda áfram holræsagerðunum sem fyrst, og leggur því til að tekið sje nú þegar allt að 12000 kr. lán í því skyni. Áætlun um hvernig verja skuli þessum 12000 kr. verður byrjuð fyrir næsta bæjarstjórnarfund.

Fundi slitið
Páll Einarsson
K. Zimsen  Jón Þorláksson
B. Jónasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, hinn 7. okt. kl hjelt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Nefndin ákveður að byrja nú þegar á holræsum í Skólavörðustíg og Vatnsstíg upp á væntanlegt samþykki bæjarstjórnarinnar

2. Nefndin óskar að fá áætlun um tjörnsteypu í Aðalstræti og þar ofan Grófina vestur að íbúðarhúsi Geirs Zoëga til athugunar fyrir sig við undirbúning vegaáætlunar fyrir næsta ár.

x 3. Lagður fram uppdráttur af Lækjartorgi með ásteiknuðum gangstjettum og var nefndin samþykk því fyrirkomulagi sem uppdrátturinn sýnir.

Fundi slitið

Jón Þorláksson. Páll Einarsson
Kristján Þorgrímsson Kr Jónsson

Hinn 25. okt 1912 var fundur haldinn í veganefndinni

1. Lesið erindi Árna Eiríkssonar um holræsagjald af húsi hans í Vesturgötu nr. 18. Nefndin leggur til að málaleitun hans sje tekin til greina á þann hátt, að holræsagjaldið sje ekki innheimt fyr en holræsi er komið í götu þá, Norðurstíg, sem afrensli frá húsinu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á að koma í.

2. Tilkynt bréf Jóh. Jóhannessonar um að hann vill ekki að svo stöddu leggja 200 kr. til umbóta á Bröttugötu móti jafnhárri framlagi úr bæjarsjóði.

3. Rætt um girðingar meðfram Lækjargötu, en ákvörðun frestað til næsta fundar.

Fundi slitið —

Páll Einarsson

Jón Þorláksson Kr. Jónsson Tr. Gunnarsson

Kristján Þorgrímsson

Hinn 26. okt 1912 var fundur haldinn í veganefndinni.

1. Samþykt að setja á kostnað bæjarsjóðs járngirðingar með steinstöplum meðfram lóðum Stjórnarráðsins, D. Bernhöfts, G. Björnssonar og Mentaskólans við Lækjargötu, gegn því að eigendur þessara lóða láti af hendi það sem þarf af lóðunum til breikkunar Lækjargötu upp í 20 álnir samkv. ákvörðun bæjarstjórnar, þó þannig að bærinn fái 300 kr. upp í kostnað við girðinguna fram með Mentaskólablettinum frá lóðareiganda, og að Stjórnarráðið kosti hliðið upp að Stjórnarráðshúsinu. Ennfremur var ákveðið að girða meðfram lóð K. Zimsens gegn sömu kjörum, en frestað að taka ákvörðun um gerð þeirrar girðingar. Loks var

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ákveðið að setja tjegirðingu meðfram erfðafestulandi Eiríki Briem við sömu götu. Kostnaður bæjarins við þessar girðingar áætlast allt að 2000 krónum.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Kl. Jónsson

Jón Þorláksson

Tr. Gunnarsson

Kristján Þorgrímsson

B. Sveinsson

Hinn 2. nóv. 1912 var fundur haldinn í veganefndinni.

1. Voru ræddar tillögur til fjárhagsáætlunar, og samþyktar þannig:

Áætl. lið 11. Til vegagerða og holræsa:

a. Til vegagerða:

| | | | |
|---|---|---|---|
| | 1. Gangstígur frá Skólavörðustíg að Túngötu | kr. | 800.00 |
| | 2. Framlenging Sellandsstígs frá Bræðraborgarstíg að Ásteini | " | 525.00 |
| ÷ 300 | 3. Framlenging Laufásvegar | " | 600.00 |
| | 4. Framlenging Grundarstígs | " | 560.00 |
| | ~~Samtals~~ | | ~~85.00~~ |
| | 5. Tjörsteypa í nyrðri hluta Aðalstrætis, milli Austurstrætis og Hafnarstrætis. | | 1500.00 |
| | Samtals | | 3985.00 |

b. Til gangstjetta

| | | |
|---|---|---|
| 1. Í Aðalstræti og Vesturgötu að Aberdeen | 2500.00 | |
| 2. Í Hverfisgötu frá Smiðjustíg að Vatnsstíg | 1575.00 | |
| Flyt | 4075.00 | 3985.00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Flutt | 4075.00 | 3985.00 |
| 3. Í Pósthússtræti milli | | | |
| Austurstr. og Hafnarstrætis | | 440.00 | |
| 4. Í Kirkjustræti milli | | | |
| Thorvaldsensstr. og Tjarnargötu | | 500.00 | 5015.00 |
| c. Ofaníburður og viðhald gatna | | | 4000.00 |
| d. Til holræsa | | | 25000.00 |
| 12. Til þrifnaðar, snjómokstur klakahöggs og rennu | | | 5000.00 |
| 13 Til götulýsingar | | | 7000.00 |
| Til áhalda og aðgerða á þeim | | | 500.00 |

Nefndin leggur til að upphæðin til holræsa sé tekin að láni.

Fundi slitið
Páll Einarsson
Jón Þorláksson   K. Zoëga[?]
Tr. Gunnarsson   Kristján Þorgrímsson

Ár 1913 þ. 7. jan. kom vega-nefndin saman á fund á skrif-stofu borgarstjóra. – Á fundinum voru mættir auk borgarstjóra og bæjarverkfræðingsins, bæjarfulltrúarnir Tryggvi Gunnarsson og Kristján Þor-grímsson, en bæjarfulltrúi Kl. Jóns-son var veikur og Jón Þorláksson fjarverandi. –

Nefndin heimilaði borgarstjóra að láta nú þegar byrja á vinnu við að leggja holræsi í Sellands-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

landstig i sjó út Bræðraborgarstíg, og láta þurfamenn bæjarins, sem vinnufærir eru sitja fyrir vinnunni. –

Af því tvo nefndarmenn vantaði á fundinn var fleira ekki tekið fyrir. –

Fundi slitið

Páll Einarsson Kristján Þorgrímsson

B. Jónsson.

Tr. Gunnarsson

Ár 1913 þ. 13. jan. kom veganefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra

Nefndin leggur til að þessi holræsi verði gjörð á þessu ári:

| | | |
|---|---|---|
| + | 1, Sellandsstígur frá sjó að Kaplaskjólsvegi | 4572 kr. |
| + | 2, Bræðraborgarstígur sem eptir er | 1700 - |
| + | 3, Túngata frá Bræðrabst. að Ummarstíg | 300 - |
| + | 4, Barónsstígur allur | 3104 - |
| + | 5, Vitastígur frá Laugavegi upp úr | 905 - |
| + | 6, Klapparstígur frá Laugavegi og upp úr | 873 - |
| + | 7, Vegamótastígur | 363 - |
| + | 8, Hverfisgata frá Vitastíg að Barónsstíg | 882 - |
| + | 9, Laugavegur frá Vitastíg að Hverfisgötu | 876 - |
| | 10, Grettisgata | 3400 - |
| + | 11, Bjargarstígur frá Óðinsgötu að Grundarst. | 104 - |
| + | 12, Stígur frá Bergstaðastræti að Laufásvegi | 910 - |
| | 13, Bergstaðastræti | 1800 - |
| + | 14, Baldursgata | 539 - |
| + | 15, Grundarstígur frá Bjargarstíg | 810 - |
| + | 16, Laufásvegur að Baldursgötu | 658 - |
| | | flyt 21.797 kr. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fl. 21797 kr.
17. Fríkirkjuvegur 2700 -
x18. Þingholtsstræti sem eptir er 600

Samtals = 25097 kr.

Fleira gjörðist ekki. Á fund vantaði Kl. Jónsson og Jón Þorláksson

Fundi slitið

Páll Einarsson

Kristján Þorgrímsson

Ár 1913, þann 27. janúar átti veganefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.

1. Samþykt að kaupa til holræsanna pípur frá pípuverksmiðju Böðvars Jónssonar samkvæmt tilboði hans til bæjarverkfræðingsins, fyrir það verð er hjer greinir ÷ 25%:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 471 m/m víðar | 94 cm að lengd | kr. | 7.00 |
| 392 — | 80 — | - | 5.20 |
| 314 — | 80 — | - | 4.10 |
| 235 — | 80 — | - | 2.15 |
| 157 — | 63 — | - | 1.10 |
| 105 — | 63 — | - | 0.80 |
| 105 — | beygjur — | - | 1.00 |
| aukreitis fyrir hvert stk. með stút | | - | 0.80 |
| 314 m/m víðir brunnar | 80 cm að lengd | | 8.00 |
| 235 — | 80 — | | 6.25 |
| 157 — | 63 — | | 4.20 |

2. Ákveðið að auglýsa í Lögrjettu og Ísafold eptir tilboðum um stjettarhellur.

x 3. Samþykt að fela bæjarverkfræðingnum að gera uppdrátt og áætlun og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þarfahúsi úr steinsteypu.

4. Ákveðið að leita samkomulags við eigendur Landakots um kaup á landi undir gangstíg milli Túngötu og Stýrimannastígs.

5. Var rætt um samning reglugerðar um tilkynningu skolpræsa samkvæmt 1. gr. laga um gjöld til holræsa og gangstjetta í Reykjavík frá 11. júlí 1911.

6. Út af erindi ekkjufrúar Elísabetar Sveinsdóttur um götuljós á suðurenda Fríkirkjuvegar, samþykkti meiri hluti nefndarinnar að leggja það til, að götuljósið verði sett upp + og starfrækt + á kostnað gasstöðvarinnar gegn því að eigandi húsins Staðastaðar leggi gasið frá gasleiðslu sinni til ljóskersins og láti hana vera þar þangað til gasæð ~~a~~ verður lögð í götuna.

7. Samþykt að leggja það til að sett verði götuljós norðast á Klapparstíg.

8. Var rætt um bæjarverkfræðingsskýrsluna en ákvörðun frestað til næsta fundar.

Tr. Gunnarsson er ósamþykkur 1. lið

Allir á fundi, og bæjarverkfræðingurinn, sem vjek af fundi eptir 7. lið

Fundi slitið

Jón Þorláksson Páll Einarsson

Kl. Jónsson Tr. Gunnarsson Kristján Þorgrímsson

+ á kostnað bæjarsjóðs

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913, hinn 3. ~~janúar~~ febrúar, var fundur haldinn í veganefndinni.

1. Var rætt um bæjarverkfræðings-sýslanina, og upplýst að engar líkur séu til þess að neinn hjerlendur verkfræðingur fáist til að taka sýslanina að sjer frá 1. júní, með þeim kjörum sem boðin verða samkvæmt fjárhagsáætluninni, ef núverandi bæjarverkfræðingur heldur fast við uppsögn sína.

Nefndin leggur því til að reynt verði að fá Benedikt Jónasson til þess að halda sýslaninni áfram fyrst um sinn, með óbreyttum launakjörum til loka þessa árs; en að honum verði nú þegar heitið 300 króna launahækkun árið 1914. ~~Ef~~ Ennfremur hafi hann rjett til að útvega sjer aðstoð við verkin, ef hann kemst ekki yfir þau öll sjálfur, og verði sú aðstoð borguð af fjárveitingunum til þeirra verka, sem aðstoðin er notuð við. Slíka aðstoð megi hann ennfremur nota til þess að gegna störfum sínum hálfan mánuð að sumrinu, sem hann geti notað sem sumarfrí.

Á fund vantaði Klemens Jónsson og Tryggva Gunnarsson

Fundi slitið

Páll Einarsson Kristján Þorgrímsson

Jón Þorláksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913 þ. 1. marz var borgarstjóri og bæjarverkfræðingurinn, til staðar á skrifstofu borgarstjóra til þess að opna tilboð um sölu stjettarhellna til gangstjetta næsta sumar. –

Að eins eitt tilboð hafði komið. Var það opnað og reyndist að vera frá Böðvari Jónssyni og býður hann að selja beinar stjettarhellur c. 1000 stk. á kr. 1.35 fyrir hverja hellu. –

Páll Einarsson

B. Jónasson.

Ár 1913, hinn 3. marz var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

1. Ákveðið að ganga að ofanskráðu tilboði Böðvars Jónssonar um stjettarhellur.
2. Lesið erindi Indriða Gottsveinssonar og Ólafs Jónssonar um framlenging Bröttugötu. Nefndin getur ekki mælt með því að þær beiðnir verði teknar til greina.
3. Beiðni frá Jóni Jónssyni um veg heim að Selbergi í Bráðræðisholti vildi nefndin ekki sinna.
4. Upplýst var að í neðsta hluta Vitastígs, frá Bjarnaborg að sjó, er aðeins 6 þuml. vítt gamalt holræsi, sem getur ekki tekið allt það vatn,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem nú er hleypt úr öðrum holræsum þangað. Það er óhjákvæmilegt að taka þennan kafla upp, og setja þar 12 þuml. holræsi, og samþykkir nefndin að framkvæma það nú.

Á fund vantaði Tr. Gunnarsson og Klemens Jónsson

Fundi slitið

Páll Einarsson

Kristján Þorgrímsson Jón Þorláksson

Bjarnason.

Ár 1913, hinn 14. apríl var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

1. Beiðni Jóns Jónssonar á Setbergi um veg heim að Setbergi á Bráðræðisholti hafði verið vísað til nefndarinnar á ný. Nefndin athugaði að akfær leið er heim að húsinu frá Grandavegi, og frá Lágholti er einnig akfært heim að húsinu, gegnum hlið á girðingu þeirri er eigandi Lágholts hefir sett þar. Getur nefndin því ekki mælt með fjárveitingu úr bæjarsjóði til vegagerðar að Setbergi.
2. Erindi Helga Magnússonar um kaup á lóð undir Ingólfsstræti var frestað til rannsóknar á eignarheimild og lóðarstærð.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Lesið erindi frá Gísla Halldórs-
syni Hverfisgötu 32, þar sem hann
býður bæjarstjórninni kaup á lóðar-
ræmu við nefnt hús til breikkunar
Hverfisgötu, 175 □ al. að stærð eftir
sögn eiganda, og hefur hann nauð-
lega farið fram á að fá 2 kr.
fyrir hverja feralin. Nefndin
vill ekki leggja til að lóðarræman
verði keypt að svo stöddu, með
því að fyrirsjáanlega mun líða mjög
langur tími þar til unt verður
að framkvæma breikkunina.

4. Borgarstjóri hreifði því hvort láta
mætti holræsisgerð í einum tilteknum
götuhluta í akkorði til núverandi
verkstjóra við holræsagerðir bæjar-
ins, Valentínusar Eyjólfssonar.
Nefndin var því mótfallin,
með því að hún leit svo á sem út-
boð ætti að fara fram áður en
akkorð gæti látið, en of seint á
þessu ári að taka upp þá aðferð.

5. Lesið erindi frá Indriða Reinholt
þar sem hann sækir um leyfi
til þess að leggja sporbraut um
bæinn og um land til leigu fyrir
iðnaðarfyrirtæki. Nefndin vill taka
liðlega í málaleitun þessa, en getur
ekki gert tillögu um málið fyr en
fengnar eru skýringar frá umsækjanda.

Ekkert á fundi

Fundi slitið

Jón Þorláksson. Páll Einarsson

[illegible] Jónsson Kristján Þorgrímsson Tr. Gunnarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913, hinn 16. apríl hjelt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Mættur var á fundinum Indriði Reinholt til þess að ræða við nefndina um umsókn hans um einkaleyfi til lagningar á sporbraut um bæinn m.m. Veganefndin mælir með því að honum verði veitt hið umbeðna leyfi með eftirfarandi aðalskilmálum, og verði fullkominn samningur um einkaleyfið lagður fyrir bæjarstjórnina til samþyktar ef hún er samþykk aðalskilmálunum, og þannig vill sinna málinu.

Aðalskilmálarnir eru þessir:

1. Einkaleyfið veitist til þess að leggja sporbrautir til innanbæjarnotkunar um bæinn, ⌊ í þær götur, sem ákveðnar verða með samningi, og sjeu þær í allar aðalgötur bæjarins.
2. Einkaleyfishafi hefur einn rjett til að nota spor sín til fólks- og vöruflutninga með sporvögnunum. Ekki verður ~~heldur~~ öðrum en honum leyft að ~~nota fólksflutningavagna~~ flytja fólk um götur bæjarins fyrir borgun í stærri vögnum, en þeim er rúma 8 manns.
3. Einkaleyfistíminn sje 25 ár. Fyrir einkaleyfið greiðist gjald í bæjarsjóð þannig:

⌊ og leyfi til að leggja spor &c

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrstu 5 árin eptir að starfrækslan
er byrjuð, 300 kr. á ári
Næstu 5 árin 500 kr. á ári
það sem þá er eptir af einka-
leyfistímanum 1500 kr. á ári, og
sje þá fyrirtækið undanþegið
aukaútsvari.

4. Einkaleyfishafi fær rjett til að nota krana sína við að láta vör-
ur á sporvagnana og úr þeim.

5. Ákvæði um gerð sporsins og við-
hald þess skulu tekin upp í
samninginn.

6. Bærinn hefur rjett til að kaupa
sporbrautirnar með tilheyrandi
fyrir samvirði hvenær sem
bæjarstjórnin krefst þess.

7. Umsækjandi fái á leigu allt
að 14 hektara á Melunum til
25 ára, með rjetti til að taka
jarðefni úr því landi og
hagnýta sjer, fyrir þá leigu
sem um semst, og honum leyft
að leggja þangað vatnsæð úr
vatnsveitu bæjarins.

Allir á fundi og bæjarverk-
fræðingurinn.

Fundi slitið

Páll Einarsson
Kl. Jónsson Kristján Þorgrímsson
Tr. Gunnarsson Jón Þorláksson
Indriði Reinholt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913 þ. 28. apríl kom vega-
nefndin saman á fund og gjörðist
það er hjer segir:
1o var á ný tekið fyrir erindi Helga
Magnússonar um kaup á spildu
af lóðinni Bankastræti 7 undir
framlenginguna Ingólfsstrætis.
Það sem þarf að taka af þessari
lóð undir framlenginguna göt-
unnar er c.585 ferálnir =
c.234 m². Nefndin leggur til að
lóðarspildu þessi verði tekin eign-
arnámi og að byggingarnefnd
verði falið að meta lóðina til
peningaverðs. Gengur nefndin út
frá að útborgun andvirðisins
þurfi ekki að fara fram fyr
en á næsta ári eptir að fjár-
veiting til kaupanna hefur verið
tekin á fjárlagsáætlun. –
2o Erindi frá húsaeigendum við
Óðinsgötu um að fá þegar lagt
holræsi í Óðinsgötu gat vega-
nefndin ekki sinnt, þar sem
gata þessi er ekki meðal þeirra
gatna, sem bæjarstjórnin hefur
ákveðið að leggja holræsi í á þessu
sumri. –
3o Jón Magnússon bæjarfógeti býður
bæjarstjórninni kaup á lóð undir
framlengingu Bjargarstígs, að stærð
89,25 m² = 226 ferálnir fyrir eina
krónu hverja feralin. Nefndin
leggur til að nú þegar verði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þess kaup á þessu lóðarstykki undir götuna, enda væntist að útborgun þyrfti ekki að fara fram fyr en á næsta ári. -
4, var lagður fram uppdráttur af fyrirhuguðum gangstíg frá Stýrimannastíg á Túngötu. Nefndin hafði ekkert við uppdráttinn að athuga og fól borgarstjóra að útvega upplýsingu um hvert samkomulag mundi fást um lóðarkaup undir gangstíginn. -
Fleira gjörðist ekki. -
Á fund vantaði Kl. Jónsson og Jón Þorláksson. -
Fundi slitið
Páll Einarsson
Kristján Þorgrímsson Tr. Gunnarsson

Ár 1913 þ. 2. júní kom veganefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Gjörðist á fundinum það er hjer segir. -
1°
Bæjarstjórnin hefur vísað til umsagnar nefndarinnar erindi lúðrafjelaga bæjarins um að láta reisa ~~söngpall~~ hljóðfærapall á Austurvelli. - Nefndin getur ekki lagt til að hljóðfærapallur þessi verði byggður á þessu ári, þar sem engin fjárveiting er til þess á fjárlagsáætluninni, en bendir að fjárlags-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nefnd og bæjarstjórn taki málið til
íhugunar við samning næstu fjár-
hagsáætlunar. –

2.

Nefndin vísar til athugunar verk-
fræðingsins erindi Katrínar Sig-
fúsdóttur um lokræsi frá Grettisgötu 1
og sömuleiðis tilboði Sigurðar A.
Gunnlaugssonar um sölu á lóðar-
ræmu undir breikkun Hverfisgötu. –

3.

Nefndin gerir þá breyting á fundar-
gjörð sinni síðustu, 4. atriði, að gang-
stíginn frá Stýrimannastíg að Öldu-
götu megi leggja frá vesturgafli Stýri-
mannaskólans styztu leið á Öldu-
götu vestanvert við sjúkrahúsið, ef
umráðamenn Landakots leyfa lóð
undir stíginn endurgjaldslaust.
Er þá gjört ráð fyrir að stígagjörðin
verði í því fólgin að leggja eftir
leiðinni tvær raðir af gangstéttar-
hellum. –

Fjærverandi voru Klemens Jónsson
og Jón Þorláksson. –

Fleira gjörðist ekki. –

Fundi slitið

Páll Einarsson

Kristján Þorgrímsson Tr. Gunnarsson

B. Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913 þ. 13. júní kom vega-
nefndin saman á fund á skrif-
stofu borgarstjóra. Gjörðist þar þá
þetta:

1°

Var lagt fram bréf frá Magnúsi
Stephensen frá Viðey ~~dags~~, þar
sem hann býður bæjarstjórn-
inni að selja henni af lóð
sinni undir framhald Grundar-
stígs fyrir kr. 1.25 fyrir hverja
feralin og vill hann að eins
taka í skiptum að þóknun tröð-
inar fyrir ofan lóðina, en ekki
lóðarspildu sem bærinn á fyrir
sunnan lóðina og áfasta henni.

Veganefndin vill leggja það
til að bæjarstjórnin bjóði Magn-
úsi Stephensen að skipta að
þóknun á lóð undir Grundarstíg
fyrir lóð þá sem bæjarstjórnin á
fyrir ofan og sunnan lóðina hans
og borga með kr. 1.25 hverja feralin
af lóð, sem bærinn fær umfram
það sem hann lætur. En vilji
hann ekki sæta þessum kjörum
þá leggur nefndin til að Grundar-
stígur verði ekki á þessu sumri
lagður yfir lóð M. Stephensen.

Þess er getið til skýringar að
ef Magnús Stephensen tekur alla
lóð bæjarins á þessum ☩ stað
í skiptum, þarf bærinn að
kaupa af honum 520 feralnir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir 650 kr., en alls c. 850 ferálnir fyrir 1062 kr. 50 a.

2.

Nefndin samþykkti að freista fyrst um tíma til bæjarstj. að framlengja Sellandsstíg upp að Ásheimi og leita fyrst samninga um lóð undir framlenginguna þess vegar.

Fjarverandi voru Kl. Jónsson og Jón Þorláksson.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Fr. Gunnarsson  Kristján Þorgrímsson

B. Einarsson.

Ár 1913, þ. 8. júlí var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn á fundi:

1. Eptir tillögu nefndarmanns Kl. Jónssonar samþykti nefndin að láta leggja sem allra fyrst að undirlagi lagning tjarnarbryggju í vesturhluta Aðalstrætis.
2. Eptir tillögu sama nefndarmanns var ákveðið að hleypa úr Tjörninni og í hana aptur um útsta flóð til þess að endurnýja vatnið í henni eptir því sem hægt er.
3. Nefndarmaður Fr. Gunnarsson bar fram tillögu um að þarfahúsið við Templarasund gæti talist best

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og sett inn á lóð templarahússins annaðhvort inn í ganginn norðanvið húsið eða sunnanvið húsið, eða á annan hentugan stað. Meiri hluti nefndarinnar treystist ekki að flytja húsið inn á lóð templarahússins, en vill mála húsið utan og framkvæma nauðsynlegar smáviðgerðir á vindskeiðum m.m., svo að húsið ~~fá~~ verði sæmilegt útlits.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Jón Þorláksson    K. Zimsen

óvanþykkur 3 lið

Fr. Gunnarsson    Kristján Þorgrímsson

Ár 1913, 21. júlí átti veganefndin fund með sjer. Í stað borgarstjóra var mættur Knud Zimsen sem settur í hans fjarveru. Allir á fund, auk bæjarverkfræðings, nema Jón Þorláksson

Var þá ~~fyrir~~ tekið til íhugunar

1. Hvar byggja skyldi þvottahúsin ~~í stað þe~~ og um lögun þeirra

Álitið var:

a að hafa eitt þvottahús á vörupallinum við norðvesturhornið á pakkhúsi P. Thorsteinssons og annað í sundinu milli þinghússgarðsins og templarahússins

b. að byggja þvottahúsið á vörupall

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

inn samkv. tilkomnu bæjar-
verkfræðings, og er áætlaður kostn-
aður 1000 kr., og að fela bæjar-
fulltrúa Tr. Gunnarssyni að
byggja þarfahúsið í Templara-
sundinu, og lofa hann að gera
það svo ódýrt, sem frekast er unt
Borgarstjóra falið að láta hreinsa
og gera í stand kamrana
á stakkstæðinu fyrir austan
Bryde, og ráða fasta menn
til þess að hreinsa þá
daglega og hafa daglegt
eftirlit með þeim.

2 Sig. Gunnlaugsson býður
til kaups rönd af lóð
húss nr. 6 við Vatnsstíg
þeim hluta hennar, sem
liggur að Hverfisgötu, und-
ir gangstjett. Veganefndin
leggur til, að lóðin sje keypt,
fáist hún fyrir sanngjarnt
verð eptir samkomulagi
við seljanda.

3 Búendur við Grettisgötu
óska að bæjarstjórnin að
byggja sem fyrst á holræsi þar.
Með því fjeð það, sem veitt er til
holræsa í ár, er þrotið, er ekki
hægt að taka þetta erindi til
greina.

Fundi slitið

K. Zimsen.

Kl. Jónsson Kristján Þorgrímsson Tr. Gunnarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913, hinn 18. dag ágústm. var fundur haldinn í veganefndinni

1. Ákveðið var að gera Aðalstræti milli Austurstrætis og Hafnarstrætis með 2.5 metra breiðum gangstéttum báðum megin og 7.5 metra akbraut í miðjunni.
2. Út af erindi Eggerts Guðmundssonar á Hólmi um viðgerð á brúnni yfir Hólmsá á vatnsveituveginum að Gvendarbrunnum leggur nefndin til að Seltjarnarneshreppi verði boðið að taka við veginum frá Hólmsá á leið til Gvendarbrunna til viðhalds í því ástandi sem hann er í nú (sem hreppsvegi). Vilji hreppsnefndin það ekki, leggur nefndin til að brýrnar verði teknar af, með því að ekki virðist ástæða fyrir bæinn til að halda þeim við.
3. Nefndin leggur til að sótt verði til Stjórnarráðsins um ókeypis land úr Arnarhólslóð undir framlengingu Ingólfsstrætis norður að Hverfisgötu, að meðtalinni þeirri spildu, sem þarf að fá til þess að láta Helga Magnússon hafa í skiptum fyrir lóð undir þessa götu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fleira var ekki fyrir tekið
fundi slitið
Páll Einarsson
Jón Þorláksson. Tr. Gunnarsson K. Zimsen
Kristján Þorgrímsson

Ár 1913 þ. 29. sept. var fundur haldinn í veganefndinni og fór þá fram það er hjer segir:

1°

Samþykkt að leggja á þessu hausti að eins til bráðabyrgða hellur frá H. P. Duus að hellunum fyrir framan Liverpool. –

2°

Var samþykkt að gera nú til á þessu hausti c. 45 metra af holræsum í Grettisgötu ef tilboð kemur frá húseigendum við þann spotta að leggja til gröft og ofaní-mokstur á sinn kostnað. –

3°

Veganefndin synjar beiðni frá íbúum við Bergstaðastræti syðst um að fá sett upp tvö götuljós við Bergstaðastræti fyrir sunnan Baldursgötu. –

4°

Var lagt fram frumvarp að áætlun um logtíma götuljósanna til 31. des. þ. á. – þessar tillögur voru samþykktar með þeim

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrirvara, að beiið sje að hveykja á götuljósunum á þeim tíma, sem til er greint í áætluninni.–

5°

var samþykkt að loka lokræsinu á Austurvelli.–

Fleira gjörðist ekki.–

Fundi slitið

Páll Einarsson   K. Zimsen   Fr. Gunnarsson

Kristjan Bergsson   B. Benjamínsson.

Ár 1913 þ. 13. okt. var veganefndarfundur haldinn á skrifstofu borgarstjóra. Gjörðist á fundinum það er hjer segir:

1°

Bæjarstjórnin hefur vísað til úrslita nefndarinnar erindi V. Eyjólfssonar og M. Magnússon um að fá að taka grjót í Rauðarárholti til skakkstakkagerðar á leigulandi þeirra við Sunnutorg. Nefndin leyfir þeim þetta, þó svo að það ekki komi í bága við rjett annara til að taka grjót í holtinu, og gegn 25 króna endurgjaldi í bæjarsjóð.

2°

Nefndin synjar beiðni Gísla J. Ólafssonar um að fá sett upp götuljósker í nánd við hús hans við Skólavörðuveg.–

3°

Var tekin til athugunar beiðni Páls Erlingssonar sundkennara um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að bæjarstjórnin styrki hann til að koma upp íbúðarhúsi við sundlaugina. Nefndin leggur til að beiðninni verði synjað. —

Fleira gjörðist ekki. —

Fundi slitið

Páll Einarsson  Kl. Jónsson  Tr. Gunnarsson

Kristján Þorgrímsson  B. Jónasson.

Ár 1913, hinn 30. október, hjelt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Var þá fyrir tekið:

1.

Ræddar tillögur til fjárveitinga næsta árs, til undirbúnings fjárhagsáætluninni. Voru þessar tillögur samþykktar:

1. Til vegagerða og holræsa:
   a. Til vegagerða: Vegur frá batteríinu inn með sjó og yfir á Hafnarfjarðarveg — kr. 5000,00
   b.1. Til gangstjettar í Hafnarstræti — " 3640,00
   c. Til ofaníburðar og viðhalds gatna og vega — 4000,00
   d. Til holræsa — 20000,00
2. Til þrifnaðar, snjómoksturs, klakahöggs o. fleira — 5000,00
3. Til götulýsingar — 7200,00
4. Til áhalda — 500,00

1.b.2. Til gangstjettar í Vesturgötu — 1000,00

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2.
Bæjarstjórnin hefur falið nefndinni að gera tillögur út af því að bæjarverkfræðingurinn hefur sagt lausri sýslan sinni. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að sýslanin verði, auglýst með 2700 kr. árslaunum.

Minni hlutinn leggur til að starfið verði auglýst með 2700 kr. byrjunarlaunum, er hækki um 200 kr. annaðhvort ár upp í 3500 kr.

3.
Út af erindi Skautafjelags Reykjavíkur leggur meiri hluti nefndarinnar til, að fjelaginu verði leyft að gjöra tilraun til að búa til skautasvell á Austurvelli. Nefndin vill einnig leyfa fjelaginu svæði á Tjörninni, þó þannig að ekki komi í bága við ístökuna á Tjörninni, og verði svæðið útvísað af veganefndinni á sínum tíma.

Allir á fundi. Bæjarverkfræðingurinn vjek af fundi eptir 1. lið.

Páll Einarsson
Jón Þorláksson Kl. Jónsson Tr. Gunnarsson
Kristján Þorgrímsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1914, hinn 19. jan., hjelt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn á fundi nema Klemens Jónsson (veikur). Á fundinum var einnig bæjarverkfræðingurinn.

1. Sláturfjelag Suðurlands sækir um leyfi til að hús þau, sem fjelagið á og standa á hinu fyrirhugaða götustæði meðfram sjónum milli Klapparstígs og Barónsstígs, fái að standa óhreyfð næstu 15-20 ár, og býðst til að borga bæjarsjóði 1000 kr. fyrir þetta leyfi, þó því að eins að fyrirhugað hafnarbrautarspor komi utan við þá 6 álna breidd, sem nú er stjett fyrir framan húsin.

Nefndin leggur áherslu á að vegurinn með sjónum verði lagður eftir hinu fyrirhugaða vegarstæði og getur því ekki mælt með beiðninni.

2. Nefndin leggur til að á yfirstandandi ári verði lögð holræsi í þessar götur:

| | |
|---|---|
| 1. Barónsstíg frá Grg. að Njálsg. | kr. 527.00 |
| 2. Vitastígur frá Grg. að Njálsg. | " 480.00 |
| 3. Grettisgata öll | " 3845.00 |
| 4. Njálsgata öll | " 4316.00 |
| 5. Klapparstígur frá Grettisg. að Njálsg. | " 520.00 |
| 6. Fríkirkjuvegur | " 3800.00 |
| 7. Lindarg. frá Frakkast. að Vitastíg | " 1225.00 |
| 8. Skólavörðustígur upp úr | " 2040.00 |
| 9. Bjargarstígur frá Grundarstíg að Berg. | " 600.00 |
| Flyt | 17353.00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Flutt: 17353.00
10. Kárastíg 1065.00
11. Framnesv. frá Bakkast. aðlg. 555.00
12. Bakkastíg 1230.00
= 20203.00

3. Ákveðið að bjóða út pípur til holræsanna að fenginni ákvörðun bæjarstjórnarinnar um það hver holræsi skuli leggja. Sömuleiðis ákveðið að bjóða út stjettarhellur.

4. Lesið brjef til bæjarstjórnar frá Ingeniör O. Cock Clausen, Khavn.

5. Nefndin leggur til að Berent Sveinssyni sje leyft að breikka veginn frá Lágholtsvegi heim að húsi sínu á Bráðræðisholti, svo að hann verði akfær, og nota undir breikkunina ræmu af landi bæjarins, að óskertum eignar- og umráðarjetti bæjarins yfir ræmunni.

6. Nefndin treystist ekki að mæla með beiðni Andr. Gottsveinssonar og Ólafs Jónssonar ~~[illegible]~~ um framlengingu Bröttugötu.

Fleira var ekki fyrir tekið, Fundi slitið

Páll Einarsson Jón Þorláksson
Fr. Gunnarsson Kristján Þorgrímsson
B. Einarsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1914 þ. 16. febr. var borgarstjórinn ásamt bæjarverkfræðingnum staddur á skrifstofu sinni kl. 12 á hádegi, til þess að opna tilboð um sölu á holræsapípum og gangstjettarhellum. –

Alls höfðu komið til borgarstjóra þrjú tilboð og reyndust þau að vera þessi:

I Frá Helga Magnússyni & Co.:

200 metrar 12" leirpípur
200 — " — 9" do
1850 — " — 6" do

fyrir samtals 3750 krónur. –

II Frá Böðvari Jónssyni:

a, 200 metrar 12" pípur á 3/93 = kr. 786.00
b, 400 — " — 9" — " — á 2/06 = " 824.00
1850 — " — 6" — " — á 1/06 " 1961.00
Samtals = kr. 3571.00

c, 860 ferálnir stjettarhellur á 1/35 = kr. 1161.00

III Frá Tryggva Gunnarssyni:

860 ferálnir stjettarhellur á 1/35 stykkið.

Tilboðin voru opnuð og lesin upp í heyranda hljóði að viðstöddum þeim, er tilboð höfðu gjört. –

Páll Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1914, hinn 16. dag febrúarmánaðar var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

1. Skrifari í nefndinni var kosinn Jón Þorláksson.

2. Samþykt að taka tilboði Böðvars Jónsson, sem að framan er umgetið, um holræsapípur. Sömuleiðis var gengið að tilboði sama manns um stjettarhellur; það er áskilið, að lokið sje við að búa til pípurnar og hellurnar fyrir lok marzmánaðar næstkomandi, svo að hvorttveggja geti verið nógu gamalt þegar það er tekið til notkunar.

3. Lagt fram brjef frá Sláturfjelagi Suðurlands viðvíkjandi húsunum sem standa á lóðinni fyrirhugaða vegarstæði austur með sjónum, dags. 7. febr. Frestað að taka ákvörðun.

4. Út af tilkynningu Stjórnarráðsins dags. 24. jan. viðvíkjandi lóð undir framlengingu Ingólfsstrætis, og brjefi Helga Magnússonar dags. 14. febr., þar sem hann krefst greiðslu á matsverði lóðar þeirrar, sem af honum verður tekin undir Ingólfsstræti og breikkun Bankastrætis, felur nefndin borgarstjóra að leita eftir því, hvort lóð fáist keypt hjá landsjóði fyrir sanngjarnt verð til þess að láta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Helga Magnússon hefja í skiptum, og að leita eptir því hvort H. M. væri fáanlegur til að ganga að slíkum skiptum.

Á fund vantaði Jóhann Jóhannesson.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Magnús Helgason

Tr. Gunnarsson

B. Kristjánsson

Jón Þorláksson

Ár 1914, hinn 25. febr. hjelt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Út af framlenging Ingólfsstrætis upplýsti borgarstjóri, að Helgi Magnússon vildi nú ekki skipta á lóð sinni, sem fer undir götuna, fyrir lóð úr eigu landssjóðs, en upplýsingar lágu ekki fyrir um það, fyrir hvaða verð landsstjórnin vildi selja lóð landssjóðs til slíkra skipta ef til kæmi. Málinu frestað þar til upplýsing um það er fengin.

Á fund vantaði Magnús Helgason og Jóh. Jóhannesson

Fundi slitið

Páll Einarsson

Tr. Gunnarsson

Jón Þorláksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1914 þ. 30. marz komu veganefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi nema Jón Þorláksson. Gjörðist það er hjer segir:

1°

Þorgrímur Sigurðsson fer þess á leit að bærinn kaupi spildu af Sandholtstúninu til væntanlegrar framlengingar Unnarstígs svo langt verður sem lóð hans (Krókur) nær, og býðst hann til þess að borga til bráðabyrgða það er þetta kostar gegn endurgjaldi frá bænum þegar bærinn leggur götuna, og ennfremur að bærinn kaupi lóðarhorn það, er leggjast mundi við lóð hans, gegn fullu endurgjaldi frá sjer. Nefndin leggur til að bæjarstjórnin leiti eftir kaupunum á lóð ganginum þessari. –

2°

Bæjarfógetinn kom á fundinn og skýrði nefndinni frá því, að hann yrði að leyfa þeim, er tekið hafa að sjer pósthúsbygginguna að nota nyrðri hluta Austurstrætis frá Pósthússtræti svo langt austur eftir, sem pósthúsið á að ná, meðan á byggingunni stendur, og ætlaði að fyrirskipa, að þessi hluti götunnar yrði afgirtur. Veganefndin hafði ekkert við þetta að athuga og var gengið út frá, að annaðhvort 4 eða 6 álnum af götunni yrði haldið opnum fyrir umferð. Auglýst

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

veiður aðvörun um, að menn tak-
marki umferð vagna um hennan
hluta götunnar meðan á húsbúi-
byggingunni stendur.

3°

Var samþykkt að greiða Páli Er-
lingssyni 700 kr. fyrir sundkennslu
á þessu ári.

4°

Var lagt fram brjef frá Valentínusi
Eyjólfssyni dags. 30 í dag, en í
brjefi þessu býðst hann til þess að
leggja holræsi þau, sem gjöra á í
sumar, fyrir áætlunarverð eða
fyrir 20.000 krónur. Nefndin tekur
þetta tilboð til athugunar og gjörir
seinna tillögur um það.

5°

Var samþykkt að verja nokkru
fje til þess nú, þegar að keyra
óhreinasta snjóinn burt af aðal-
götum bæjarins.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Fr. Gunnarsson Magnús Helgason

Jóh Jóhannesson B. Thorarensen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1914, hinn 28. apríl hjelt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi og bæjarverkfræðingurinn.

1. Var rætt um tilboð Valentínusar Eyjólfssonar um holræsalagningu í sumar. Var borgarstjóra falið að leyta samninga við hann.
2. Samþykt að byrja að leggja gangstjettir þar, sem fje er veitt til á árinu, sem fyrst eptir að klaki er úr jörð.
3. Tryggvi Gunnarsson fór fram á að fá kafla af Hafnarstræti til þess að gera á honum tilraun með nýja viðhaldsaðferð; nefndin vildi ekki sinna þessu, nema það væri bænum að kostnaðarlausu.

Fleira kom ekki fyrir.
Fundi slitið

Páll Einarsson

Tr. Gunnarsson
Jóh. Jóhannesson
Magnús Helgason
Jón Þorláksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1914, hinn 18. maí, hjelt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

4/1 1. Rætt var um tilboð Valentínusar Eyjólfssonar um holræsalagninguna; hefir hann í brjefi dags. 18/5 nánara tiltekið tilboð sitt, þannig að hann býðst til að gera holræsi þau, sem tekin hafa verið upp á áætlun þessa árs, fyrir 14000 kr.

Nefndin leggur til að gengið verði að tilboði þessu, þannig að bæjarstjórnin leggi honum til pípur þær, er þegar hafa verið fest kaup á, fyrir sama verð, sem þær kosta bæinn. Eptirlit verði haft með verkinu eptir nánari ákvörðun veganefndar.

Á fundinum vantaði Magnús Helgason.

Fundi slitið

Páll Einarsson Jón Þorláksson.

Kr. Gunnarsson Jóh. Jóhannesson

Samþykkur
Magnús Helgason

Ár 1914, hinn 18. júlí var fundur haldinn á skrifstofu borgarstjóra. Fjarverandi voru nefndarmennirnir Jóh. Jóhannesson og Magnús Helgason.

D/3 1. Bæjarstjórnin hefir vísað til úrslita veganefndar erindi Þorgeirs Pálssonar, Klapparstíg 24 a, um leyfi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til að láta standa bráðabirgðaskúr þann, er h/f. Völundi hafði verið leyft í júlí 1913 að byggja á lóð bæjarins norðar af Klapparlóðinni.
Nefndin ákveður að skúrinn megi standa fyrst um sinn, en hann skal tekinn burtu hvenær sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd krefst þess. Þangað til greiði ~~hann~~ eigandi í grunnleigu 10 kr. á ári, og gjöld af byggðri lóð eptir því sem lög ákveða.
2. Út af erindi Þórs Pálssonar Vatnsstíg 16 og Þórs Þórssonar Vatnsstíg 16A um holræsi í
X/1 Vatnsstíg norðan Lindargötu leggur nefndin til, að framkvæmd þess verks verði frestað til næsta árs, með því að ekki er fjárveiting fyrir hendi á þessu ári.
3. Með því að nú liggur fyrir að framkvæma ýms verkfræðisstörf (t.d. mæling með stéttalagningu, eptirlit með holræsalagningu, mæling erfðafestulanda, mæling lóða við Hverfisgötu, undirbúningur áætlunar um vegagerðir næsta ár o.fl.) ákveður nefndin að ráða Sigurð adjunkt Thoroddsen til þess að framkvæma þessi og önnur bæjarverkfræðingsstörf

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

starf til áramóta fyrir 125 kr. borgun um mánaðinn.
4. Nefndin ákveður að láta fyrst um sinn aðeins ætt hlið vera opið á Austurvelli, og að færa standmynd Thorvaldsens í lag á fótstykki sínu.

Fleira kom ekki fyrir.

Fundi slitið.

K. Zimsen.

Fr. Gunnarsson

Jón Þorláksson.

Ár 1914, hinn 15. sept., var fundur haldinn í veganefndinni. Á fundinum mættu allir nefndarmennirnir, nema Jóh. Jóh., sem hafði tilkynt forföll, og ennfremur bæjarverkfræðingurinn Sig. Th.
1. Út af framkomnum umsóknum um götuljós og tilheyrandi gasæðar var samþykt:
a. að fá áætlun hjá gasstöðvarstjóranum um gasæðar og götuljós í Grundarstíg (suðurblettarnir), Mýrargötu og suðurenda Bergstaðastrætis, og upplýsingar um hve margir hús við þessar götur mundu vilja fá gas lagt inn.
x/6 b. beiðni um götuljós við Laugaveg fyrir innan Barónsstíg vill nefndin ekki mæla með.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

X 2. Borgarstjóri upplýsir að enn hafi ekki verið gerðir samningar um lóðir undir veginn frá Klapparstíg austur með sjónum og undir járnbraut hafnargerðarinnar þar, en þessar lóðir á bæjarsjóður að leggja til eftir samningi við N. C. Monberg, sem hefur tekist á hendur að leggja veginn.
Samþykt var:
a. að fá útnefnda matsmenn til að meta skaða þann á erfðafestulandinu Norðurmýrarbletti Nr. 2, sem fer undir járnbrautina.

X/2

b. Út af kröfu G. Gíslason & Hay Ltd. um leigu m. m. fyrir land undir veginn yfir lóð þá, sem þeir hafa haft afnot af til þessa, ályktaði nefndin að skora á borgarstjóra að láta ekki dragast lengur að innheimta gjald það, sem nefnt firma á að greiða fyrir breytingu á notkun bletta Frostastaðabletts í byggingarlóð.
c. að fela borgarstjóra að byrja samninga við hina aðra lóðareigendur, eptir að hann hefur kynt sér sem best öll eignarskilríki er þar að lúta.
Fleira gjörðist ekki.

K. Zimsen.
Sv. Gunnarsson
Sigt. Arnason. ?
Magnús Helgason
fyrir þeir baldvin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1914, hinn 12. október var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

1. Ákveðið að leggja gasæð í
x/6 Mýrargötu og setja þar götuljósker ef 4 hús við götuna óska að fá gas innlagt.

2. Beiðni frá nokkrum búendum ~~við~~ við Laugaveg og Klapparstíg um ljós-
x/6 ker í ofanvert sundið milli húsanna nr. 22 og 24 við Laugaveg leggur nefndin til að verði synjað.

3. Ákveðið að fylgja sömu reglu
x/6 sem hingað til með það, að kveikja ekki götuljós þegar bjart er af tunglsbirtu.

4. Út af erindi Maríu Gísladóttur, Holtsgötu 12, dags. 2. okt. 1914, um stíg frá Holtsgötu yfir lóðina nr. 14 heim að bæ hennar, var ákveðið að tilkynna eiganda hússins nr. 14 við Holtsgötu, Eiríki Eiríkssyni, að með því að hann hefur afgirt 198 ferálnum stærri lóð, heldur en lóðargjaldaskráin telur fylgja því húsi, verði hann að láta af hendi lóð undir nefndan stíg, og að öðru leyti semja við bæjarstjórnina um lóðarmörkin.

5. Var rætt um undirbúning áætlunar um vegagerðir næsta ár.

6. Ákveðið að setja eitt götuljósker við
x/6 suðurhluta Grundarstígs.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

X/6 7. Ákveðið að setja 2 götuljósker við Bergstaðastræti sunnanvert, frá Baldursgötu að Ingólfsstræti.

Fleira gerðist ekki.

K. Zimsen. Magnús Helgason
Tr. Gunnarsson Sigtr. Eiríksson Jón Þorláksson

Ár 1914, hinn 28. okt. var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

O/1 1. Út af erindi Skautafjelags Reykjavíkur dags. 15. okt. um leyfi til að gera svell á Austurvelli, og til að nota tjörnina til skauta-iðkana, leggur nefndin til:

a. að fjelaginu verði heimilað að gera svell á Austurvelli og nota það, með því skilyrði; að völlurinn verði opinn ~~fyrir~~ ókeypis fyrir börn fyrri hluta dags á virkum dögum.

O/3 b. að fjelaginu verði leyft að nota tjörnina, þó svo að ekki komi í bága við ístöku.

N/3 2. Lagt til að Jóni Baldvinssyni, Hverfisg. 26 B., verði veitt eptirgjöf á holræsagjaldi, þannig að það lækki úr 35 kr. niður í 15 kr.

X/2 3. Tilkynt mat dags. 24. okt á erfðafestulandi úr Norðurmýrar-bletti nr. 2 undir Hafnarjárnbrautina.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Var rætt um fjárveitingar til
x/3 vega næsta ár.

Nefndin leggur til að veitt verði:

Til vegagerða og holræsa:

a. Til vegagerða:

| | |
|---|---|
| 1. Aðalstræti | 2000 kr. |
| 2. Suðurgata | 3500 – |
| 3. Ingólfsstræti | 3500 – |
| 4. Kalkofnsvegar | 2500 – |

b. Til gangstétta

| | | |
|---|---|---|
| 1. Aðalstræti | 2100 kr. | |
| 2. Suðurgata | 4300 – | |
| 3. Vesturgata | 500 – | 6900 kr. |

| | |
|---|---|
| c. Til ofaníburðar og viðhalds gatna og ræsa | 4800 – |
| d. Til holræsa | 15000 – |

| | |
|---|---|
| Til prófunar, snjómokstur, ukka-höggs o. fl. | 5000 – |
| Til götulýsingar | 7500 – |
| Til áhalda | 500 – |

Allir á fundi nema Jóh. Jóhannesson.

Fleira gerðist ekki

Fundi slitið

K. Zimsen.

Magnús Helgason

Jón Þorláksson.

Sig. Thoroddsen. – Tr. Gunnarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1915, hinn 5. jan., hjelt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Út af erindi H. Kr. Þorsteinssonar o. fl. dags. 24. nóv. 1914 um aðgerð á 4/5
veginum frá Sunnuhvoli upp að Háteigi í Rauðarárholti, ákvað nefndin að láta umbæta veg þennan með ofaníburði þegar vorar.

2. Ákveðið að beiðast mats á rœmu úr erfðafestulandi Leifs Þorsteinssonar, Eskihlíðar[?] bletti, undir hafnargarðsbrautina.

Fleira gerðist ekki
Fundi slitið.

K. Zimsen.

Jón Þorláksson

Magnús Helgason Tryggvi Gunnarsson Sighv. Bjarnason[?]

68 auðar blaðsíður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur